



Retro Stefson
tónlist 18

Anna Gunnþís í Frosti
bíó 28



spottið 10

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

25. ágúst 2012
199. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitmiðskýrningu Capacent Cellu í janúar - mars 2012



Með augun á gullinu
Íþróttamaðurinn Helgi Sveinsson stefnir hátt á Ólympíumóti fatlaðra. íþróttir 22



Skólagangan hefst
Frímínútur og lestur heilla Örnú Sigríði Ólafsdóttur. krakkar 44

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Atvinna | Fólk | Kranar



1. VERÐLAUNAMYND Guðmundur Árnason í Reykjanesbæ stillti upp til myndatöku tókinni sinni Zóý og frænku sinni Birnu Einarsdóttur og bauð þeim upp á ís. Hann nefnir myndina Vinkonur með sælusvip og það er viðeigandi. Guðmundur er sigurvegari í 4. hluta sumarmyndakeppninnar eins og þeim þriðja. **Sjá síðu 20**

Tekjur hækka og gjöld lækka

Afkoma ríkissjóðs var tæpum 34 milljörðum króna betri á fyrstu 7 mánuðum ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mestu um 27 milljörðum króna hærra tekjur. Gjöld voru 7 milljörðum undir áætlunum.

EFNAHAGSMÁL Tekjur ríkissjóðs á fyrstu 7 mánuðum ársins námu 283,6 milljörðum króna. Það eru 26,8 milljarðar umfram áætlun. Þetta kemur fram í mánaðaruppgjöri A-hluta ríkissjóðs fyrir júlí. Skatttekjur og tryggingagjöld voru umtalsvert hærra en gert hafði verið ráð fyrir, eða 21 milljarði króna. Munar þar mestu um skatta á tekjur og hagnað, sem voru 16,37 milljörðum króna

umfram áætlun. Tekjuskattur einstaklinga var 9,1 milljarði króna hærra en áætlað hafði verið og á lögaðila 9,4 milljörðum. Skattur á fjármagnstekjur skilaði hins vegar 1,7 milljörðum krónum minna en ráð var fyrir gert.

Gjöld ríkissjóðs á sama tíma eru lægri en áætlað var eða sem nemur 6,9 milljörðum króna. Munar þar mestu um að mennta- og menningarmálaráðuneytið var

Janúar - júlí 2012*		
	Útkoma	Áætlun
Tekjur	283,6	256,8
Gjöld	-310,1	-317,0
Tekjujöfn.	-26,4	-60,2

*í milljörðum króna

2,8 milljörðum undir áætlunum. Þrjú önnur ráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðar-, utanríkis- og iðnaðarráðuneyti, eyddu yfir

milljarði króna minna en áætlað hafði verið. Innanríkisráðuneytið fór hins vegar einn milljarð fram úr áætlunum og fjármálaráðuneyti um 300 milljónir.

Tekjujöfnuður ríkissjóðs er þó enn neikvæður, eða sem nemur 26,4 milljörðum. Áætlanir gerðu ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 60,2 milljarða og niðurstaðan er því 33,8 milljörðum hagstæðari útkoma. - kóp

MYNDAVÉLATILBOÐ Panasonic ideas for life

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

ADOBE LIGHTROOM 3 AÐ VERÐMÆTI 20.000 FYLGIR.

Panasonic DMCGF3C

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • sm.is

Opið í dag **TENGI**

laugardag frá 10.00-15.00

www.tengi.is Smiðjuvegi 76 | 200 Kópavogi Baldursnesi 6 | 603 Akureyri

Skóla dagar
14.-27. ágúst

Opið til 18 í dag

Smáralind



Marshall, óttist þið ekki að þið séuð að kasta perlum fyrir svín?

„Nei, ég er sannfærður um að Reykjavík Bacon Festival verður ein af perlum Reykjavíkur og þar verður ekki svínað á neinum.“

Marshall Porter er í Beikonfélagi Iowa-ríkis í Bandaríkjunum. Félagið tók þátt í Reykjavík Bacon Festival í gær og kom færandi hendi með 50 kíló af beikoni.

Óspektir á bráðamóttöku: Spítaladólgar gætu sloppið

DANMÖRK Óvíst er hvort hægt verður að saksækja þá sem öllu skemmdum á bráðamóttöku sjúkrahússins í Óðinsvéum í vikunni þar sem slökkt var á eftirlitsmyndavélum.

Hátt í sextíu manns ruddust inn í sjúkrahúsið í þeim tilgangi að jafna um sjúkling sem var verið að sinna vegna skot- og hnífstungusára. Þeir brutu þar allt og brömluðu og ógnuðu starfsfólki áður en lögregla stökkdi þeim á flóttu.

Sem stendur er einn ungur maður í gæsluvarðhaldi vegna uppkomunnar.

- þj



FIMLEIKAFJÖR Árangur Gerplukvenna hvetur eflaust marga til að iðka fimleika, en færri komast að en vilja.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikil aðsókn í fimleika:

Þúsund börn eru á biðlista

ÍPRÓTTIR Yfir eitt þúsund börn eru á biðlista hjá fimleikafélaginu Gerplu í Kópavogi og munu varla komast að í vetur. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, segir að aðsókn barna og unglinga í fimleikaiðkun hafi stóraukist síðustu ár og húsnæðið rúmi ekki fleiri.

„Við erum auðvitað hæstánægð með aukinn áhuga á íþróttinni en um leið er leiðinlegt að geta ekki tekið við öllum,“ segir Auður. Um 1.400 iðkendur eru hjá Gerplu og húsnæðið algerlega fullnýtt.

Forráðamenn Gerplu hafa átt í samskiptum við Kópavogsbæ vegna húsnæðismála.

- þj

Lögregla hefur yfirheyrt tugi vegna rannsóknar á andlátinu á Litla-Hrauni:

Til ákærvalds með haustinu

LÖGREGLUMÁL Til stendur að senda mál Annþórs Kristjánssonar og Barkar Birgissonar, sem grunaðir eru um manndráp á Litla-Hrauni, til ákærmeðferðar hjá Ríkissaksóknara „með haustinu“, eins og það er orðað hjá lögreglunni á Selfossi sem annast rannsókn málsins.

Enn er beðið eftir endanlegri niðurstöðu úr krufningu Sigurðar Hólms Sigurðssonar, sem fannst látinn í klefa sínum á Litla-Hrauni um miðjan maí. Bráðabirgðaniðurstæða hennar gaf til kynna að hann hefði látist af völdum áverka


sem honum hefðu verið veittir af mannavöldum.

Rannsóknin er í fullum gangi, að sögn Elíasar Kjartanssonar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi. Hún hefur verið mjög umfangsmikil, tugir hafa verið yfirheyrdir, bæði úr fangelsinu og utan þess, og málskjölin fylla að hans sögn heila hillu.

Skammt er síðan Héraðsdómur Suðurlands, og í kjölfarið Hæstiréttur, féllst á að leyfa sumum vitnum í málinu að njóta nafnleyndar þegar og ef til þess kemur að þau gefi skýrslu fyrir dómi. -sh



ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON



BÖRKUR BIRGISSON

Deilur um lóð sem Eiður Smári skilaði

Eiður Smári Guðjohnsen skilaði einbýlishúsalóð á besta stað við Elliðavatn sem Kópavogsbær úthlutaði. Eina tilboðið sem bænum hefur borist er sagt of lágt. Það er frá tengdasyni formanns framkvæmdaráðs sem vék er málið var afgreitt.

STJÓRNSÝSLA Bæjarráð Kópavogs hefur hafnað rúmlega sautján milljóna króna tilboði sem barst í einbýlishúsalóðina Hólmaþing 7 við Elliðavatn.

Hjónunum Eiði Smára Guðjohnsen og Ragnhildi Sveinsdóttur var úthlutað lóðinni sumarið 2005 en byggðu aldrei á henni og fengu lóðina endurgreidda hjá Kópavogsbæ í vor. „Með vísan til þess að undirritaður ásamt fjölskyldu sinni hefur ekki hug á að flytja til Íslands í nálægri framtíð óska ég hér eftir því að skila lóðinni,“ segir í bréfi Eiðs Smára til Kópavogsbæjar.

Hólmaþing 7 er talin einstök byggingarlóð vegna staðsetningar sinnar. Samkvæmt mati á bæjar-skrifstofunum er virði hennar 19,9 milljónir króna. Í stað þess að auglýsa lóðina lausa til umsóknar var ákveðið fyrr í sumar að freista þess að fá herra verð með því að fela tveimur fasteignasölum að selja lóðina hæstbjóðanda.

Á fundi framkvæmdaráðs Kópavogs um miðjan þennan mánuð var lagt fram ríflega sautján milljóna króna kaupsýsla í lóðina. Það var frá Birni Jakobi Björnsyni, eiginmanni Agnesar Gunnarsdóttur. Hún er dóttir formanns framkvæmdaráðs Kópavogs, Gunnars Birgissonar, bæjarfulltrúa úr Sjálfstæðisflokki. Gunnar vék af fundi við afgreiðslu framkvæmdaráðs sem ákvað að hafna tilboðinu. Bæjarráð staðfesti þessa afgreiðslu síðan á fimmtudag.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar og fulltrúi í framkvæmdaráðinu, lagði til að hætt yrði við sölu í gegnum fasteignasölnurnar tvær og lóðin auglýst af bænum sjálfum og óskað



HÓLMAÞING 7 „Án efa með fallettri byggingarlóðum sem í boði eru í dag,“ segir á söluvef Remax sem kveður staðsetningu lóðarinnar Hólmaþings 7 vera „ótrúlega“.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



EIÐUR SMÁRI GUDJOHNSEN



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR



GUNNAR I. BIRGISSON

eftir umsóknum um hana. Síðan yrði dregið á milli umsækjenda á hefðbundinn hátt og lóðin seld á áður nefndar 19,9 milljónir. Framkvæmdaráð vísaði hins vegar málinu til bæjarráðs sem ákvað, að tillögu Ómars Stefánssonar úr Framsóknarflokki, að reyna til þrautar að selja lóðina á almennum markaði; fá á fleiri fasteignasölnur að málinu og auglýsa lóðina sömuleiðis á vef bæjarins.

Guðríður segir eftirgrensulan

hafa leitt í ljós að Hólmaþing 7 hafi ekki verið auglýst í dagblöðum heldur aðeins á heimasíðu Remax og ekkert af hálfu Eignaborgar sem þó miðlaði fyrrgreindu tilboði til bæjarins. „Það er mjög sérkennilegt að við séum að fela þessum fasteignasölum að selja lóðina í þeirri von að við fáum meira fyrir hana og svo auglýsa þær hana ekki einu sinni,“ segir Guðríður.

„Ég tel langt í frá fullreynt að selja lóðina,“ bókaði Ómar á bæjarráðsfundinum. Samkvæmt tillögu hans er fasteignasölnunum gefinn frestur til 30. september að selja lóðina. Verði lóðin óseld þá verður hún sett í hefðbundna úthlutun.

gar@frettabladid.is

Fiskvinnsla Vísis í gang:

Vinnsla hefst eftir sumarhlé

ATVINNUMÁL Vinna hefst að nýju um mánaðamat hjá fiskvinnslu Vísis á Þingeyri og Húsavík eftir þriggja mánaða sumarlokun. 30 manns starfa í vinnslunni á Þingeyri en um fjörutú á Húsavík.

„Við munum reyna að vinna eins mikið og hægt er,“ segir Andrés Óskarsson, fjármálastjóri Vísis, sem er með höfuðstöðvar í Grindavík. Síðasta vetur var vinnsla stopul á Þingeyri. Vegna vinnslustöðvunarinnar varð starfsfólk að fara á atvinnuleysisbætur í tvo mánuði en átti einn mánuð í sumarfrí. -jse



HÍFÐUR Á BROTT Dýralæknir sést hér stýra brottflutningi Solly úr sundlauginni. Dauði hans olli sorg í Suður-Afríku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikur í sundlaug:

Flóðhesturinn Solly drapst

SUBUR-AFRÍKA, AP Flóðhesturinn Solly, sem hafði setið fastur í sundlaug í Limpopo í Suður-Afríku í þrjá daga, drapst í gær áður en björgunarsveitir gátu náð honum upp úr.

Solly, sem var fjögurra vetra karldýr, hafði ramba út í sundlauginna á þriðjudag eftir að hafa verið hrakinn frá hjörð sinni. Þó flóðhestar séu syndir komst hann ekki aftur upp á bakkann. Þrautir hans vöktu mikla athygli og var meðal annars sjónvarpað frá lauginni.

Þrátt fyrir að mikið hefði verið lagt í björgunaraðgerðir, örmagnadóist Solly sem var hífður líflaus upp úr lauginni. -þj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Flugdólgur í fangelsi

Lögregla fjarlægði í gærmorgun mann sem hafði verið með dólgsæti í flugvél í millilandaflugi. Á Reykjavíkurflygvelli hélt maðurinn, sem var mjög ölváður, uppteknum hætti og fékk því að gista fangageymslur.

Ágreiningur um túlkun laga

Lögreglan neyddist í gær til að handtaka karlmann sem hafði í frammihótanir í garð lögreglumanna vegna ágreinings um túlkun umferðarlaga. Hann var staðinn að því að aka gegn einstefnu, leggja á gangstétt og aka án öryggisbeltis. Hann þvertók fyrir brotin og snögggreiddist. Hann var svo fluttur á lögreglustöð en fékk að fara heim stuttu síðar, rólegri en enn ósáttur.

Tveir látnir og níu særðir eftir enn eina mannskæða skotárás í Bandaríkjunum:

Voðaverk framið við Empire State

NEW YORK, AP Tveir féllu og níu særðust í gær eftir að maður á sextugsaldri hóf skothríf á götum New York-borgar, skammt frá Empire State-byggingunni.

Byssumaðurinn, Jeffrey Johnson að nafni, skaut Steven Ercolino, fyrrum samstarfsmann sinn, í höfuðið og gekk burtu. Tveir lögreglumenn stöðvuðu manninn skammt frá og upphófst skothríf. Johnson féll og níu slösuðust. Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, sagði í ávarpi í gær að ekki væri útilokað að sumir hefðu særst af völdum lögreglumannanna.

Sjónarvottum bar ekki saman um hvort Johnson hefði hleypt af byssu sinni á undan lögreglu, eða hvort hann hefði aðeins beint vopninu að mönnum.

Raymond Kelly lögreglustjóri sagði hins vegar að lögregluþjónarnir hefðu ekki átt aðra valkosti.

Fréttir herma að Johnson hafi verið sagt upp störfum í fyrra hjá hönnunarfyrtækinu Hazan Imports, þar sem hann hafði unnið í sex ár. Eftir uppsögnina hafi hann borið kala til hins látna með fyrrgreindum afleiðingum.



BYSSUMAÐUR Í VALNUM Jeffrey Johnson skaut fyrrum samstarfsmann sinn til bana, en féll síðar fyrir hendi lögreglumanna. Níu borgarar særðust í skotbardaganum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er þriðja mannskæða skotárásin í Bandaríkjunum á stuttum tíma, en fyrir skemmstu myrta kynþáttahatari sex síka í Wisconsin-riki og í júlí létust tólf eftir skotárás í kvikmyndahúsi í Colorado. -þj

SUÐRÆN SVEJFLA



Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsum eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kvíðæfingum og góðri slökun.

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimisall Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 4. september.

Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.

Skólada- dagar

Nú er skólastemning í Kringlunni.

Endalaust úrval af skólavörum og skólafötum
og einn stærsti skiptibókamarkaður landsins.

Skólaleikur !!!

Skráðu þig á póstlistann á Facebook eða kringlan.is
og vertu í Kringlunni í dag, laugardaginn 25. ágúst.

FM957

Þú gætir unnið **Samsung Galaxy S III** að verðmæti 134.990 kr. frá Vodafone,
25 þúsund kr. gjafakort frá Kringlunni, **40 þúsund kr. gjafabréf** frá verslunum NTC
eða **Timberland Boots** að verðmæti 34.990 kr.

Mundu eftir
ávísuninni!

Verslaðu fyrir 10.000 kr.
eða meira og fáðu

2.500 kr.
afslátt.*

* Í völdum verslunum
Kringlunnar

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	120,18	120,76
Sterlingspund	190,38	191,30
Evra	150,45	151,29
Dönsk króna	20,199	20,317
Norsk króna	20,571	20,693
Sænsk króna	18,241	18,347
Japanskt jen	1,5297	1,5387

SDR 182,53 183,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
210,5519

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Systir rússneska skákmeistarans Boris Spasskí segir honum hafa verið rænt:

Sagður plataður til Moskvu

RÚSSLAND Iraida Spasskaja, systir rússneska stórmeistarans Boris Spasskí, segist sannfærð um að hann hafi ekki flúið til Moskvu í síðustu viku heldur hafi honum verið rænt þegar eiginkona hans brá sér af heimili þeirra.

Spasskí sagðist sjálfur í viðtali við rússneska dagblaðið Komsomokskaja Pravda hafa flúið til Moskvu frá París, þar sem honum hafi verið haldið í einangrun á sterkum lyfjum og án síma- eða netsambands.

Spasskí fékk heilablóðfall



BORIS SPASSKÍ

nýverið og hafi hann þá unað sér vel.

„Ég held að honum hafi verið

fyrir tveimur árum, var lengi á sjúkrahúsi en naut síðan umönnunar hjúkrunarfólks og lækna á heimili sínu þar í borg.

Iraida segist hafa heimsótt bróður sinn nýverið og hafi hann þá unað sér vel.

rænt af einhverju fólki sem vill nota nafn hans sér til framdráttar,“ er haft eftir henni á skákfréttasiðunni Chess-News.

Á sama fréttavef er rætt við Rimmu Bilunovu, fulltrúa rússneska skáksambandsins, sem segir að Spasskí sé í Moskvu og njóti þar góðrar umönnunar. „Spasskí á við fjölskylduvandamál að stríða og systir hans styður eiginkonu hans, Marinu. Það voru mistök að senda Boris til Frakklands eftir heilablóðfallið.“

- gb

Landgræðsluverðlaun afhent:

Verðlaun fyrir uppgræðslu

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra veitti á miðvikudag landgræðsluverðlaunin. Að þessu sinni voru þrjú verðlaunagripir afhentir.

Arnór Benediktsson og Ingfinna Jónsdóttir á Hvanná II á Jökuldal hlutu verðlaun fyrir að breyta illa förnun landi í nytjaland og Benedikt Arnórsson og Guðrún Agnarsdóttir á Hofteigi á Jökuldal fyrir uppgræðslu. Þá hlutu „Ungmenninn í Óræfum“ verðlaun, en í því verkefni geta krakkar frá 10 ára aldri sinnt landgræðslu.

- kóp



SAMARAS OG MERKEL Samaras ætlar í dag að hitta Francois Hollande Frakklandsforseta.

Samaras á Evrópuferðalagi:

Biður Merkel um lengri frest

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel Þýskalandskanslari ítrekaði í gær að hún teldi að Grikkland ætti ekki að yfirgefa evrusvæðið, þrátt fyrir alvarlegan skuldavanda sem hefur valdið evrusvæðinu öllu verulegu tjóni.

Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, heimsótti hana í gær og reyndi að sannfæra hana um að veita Grikkjum lengri frest til að ráða bót á vanda sínum.

Hún lofaði engu, en sagðist ætla að bíða þangað til þriggja manna nefnd frá seðlabanka Evrópusambandsins, framkvæmdastjórn þess og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum lyki rannsókn sinni á ríkisfjármálum Grikklands í byrjun september.

- gb

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Handbók á vef ráðuneytis

Innanríkisráðuneytið hefur gefið út á vefnum Handbók um reikningsskil og fjármál sveitarfélaga. Fram kemur á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga að í handbókinni sé að finna yfirlit um öll lög og reglugerðir er varði reikningsskil og fjármál sveitarfélaga, auk annars efnis sem tengist fjármálum sveitarfélaganna.

Strætó býður ferðir til fjörutíu kaupstaða

Um áramótin hefst reglubundinn akstur Strætó um allt norðaustanvert landið. Hægt verður að taka strætó frá Reykjavík til Egilsstaða. Akstur til Leifsstöðvar í skoðun. Aust- og Vestfirðir einu byggðu landshlutarnir sem eru undanskildir.

SAMGÖNGUR Strætó mun hefja reglubundinn akstur um mest allt norðaustanvert landið eftir áramót. Þá verður hægt að taka strætó frá Akureyri til Siglufjarðar, Húsavíkur, Þorlákshafnar og Egilsstaða.

Forsvarsmenn Strætó hafa nú þegar gert samninga um fyrirkomulagið við tilheyrandi sveitarfélög og segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., að aksturinn muni hefjast um og eftir áramót, en daglegar ferðir á milli Akureyrar og Reykjavíkur hefjast 2. september næstkomandi, eins og greint hefur verið frá.

„Það verður enn frekari útbreiðsla á strætisvagnakerfinu með því að taka inn allt Norðurland eystra, Siglufjörð og byggðina austan Akureyrar,“ segir Reynir. „Þá sitja Austfirðirnir og Vestfirðir eftir.“

Enn frekara samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum er einnig í undirbúningi. Samtök sveitarfélaganna hafa óskað eftir svipuðu samstarfi við Strætó og hefur tíðkast á Suðurlandi og segir Reynir að takmarkið sé að gera bæjarfélögin eins samtengd og kostur er.

Um áramótin mun Strætó keyra til um 40 bæjarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og austanverðu Norðurlandi.

Aðspurður hvernig vagnarnir muni ráða við ófærð á vegum að vetri til segir Reynir það vera í skoðun.

„Þessir vagnar eru engin torfærutröll,“ segir hann. „Strætó-



FER VIÐA Eftir áramót verða Vestfirðir og Austfirðir einu landshlutarnir sem Strætó keyrir ekki til, að hálandinu undanskildu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Strætóarnir okkar þola þó meira rok heldur en stór rúta sem er upphækkuð, en hún gæti verið duglegri í snjó. Það eru alltaf kostir og gallar.

REYNIR JÓNSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI STRÆTÓ BS

arnir okkar þola þó meira rok heldur en stór rúta sem er upphækkuð, en hún gæti verið duglegri í snjó. Það eru alltaf kostir og gallar.“ Þá bætir Reynir við að öryggismál farþega verði þó alltaf í forgrunni og því sé nú unnið að veðurviðmiðunum vegna akstursins úti á landi.

Akstursleiðum utan höfuðborgarsvæðisins er skipt upp í ellefu kílómetra belti í loftlínu og fer fargjaldið eftir því hversu mörg belti

Strætó í Leifsstöð

Verið er að skoða hvenær hægt verði að hefja akstur Strætó til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. „Það er vilji fyrir því að tengja saman Reykjavík og Leifsstöð, en það eru áhöld um hvernig við tengjum hana í þetta,“ segir Reynir. „Akstur þangað fer eftir komu og brottfarartíma flugvéla og hagast því öðru vísi ef flugi seinkar. En þetta er í sérstakri skoðun og fer ekki inn í þetta næsta framkvæmdastig okkar.“

farið er yfir. Hvert tekur til sín 350 krónur miðað við hæsta gjaldflokk. Því kostar fargjald á milli Reykjavíkur og Akureyrar 7.700 krónur, þar sem farið er yfir 22 belti á leiðinni.

sunna@frettabladid.is

HCB mælt í flugeldum:

Eitur í aðeins tveimur sýnum

UMHVERFISMÁL Niðurstöður liggja nú fyrir úr efnagreiningum á þrávirka efninu hexaklórbenzeni (HCB) í flugeldum.

Eftir að ljóst var að efnid hefði fundist í flugeldum í nágrannalöndum okkar og að efnid mældist í andrúmslofti á nýársnótt 2011, var ákveðið að taka sýnishorn hjá öllum innflytjendum flugelda og láta greina efnid.

Fengin voru til greiningar flugeldar og skotkókur frá níu innflytjendum. HCB mældist ekki í verulegu magni í sjö af níu þeirra. Tvö sýnishorn innihéldu hins vegar HCB yfir leyfilegum mörkum og hefur innflytjendum verið gert að gera viðeigandi ráðstafanir.

- shá

Prestur iðrast aðgerðaleyzi:

Þagði um kynferðisofbeldi

DANMÖRK Danskur frikirkjuprestur, sem árið 2007 lét yfirvöld ekki vita af kynferðisofbeldi gegn 12 ára stúlku, óskar þess nú að hafa gert meira í málinu en að boða málsaðila á sáttafund.

Ofbeldismaðurinn, sem er 24 ára, braut aftur gegn ungum stúlkum, sex og átta ára, árið 2010. Þau brot voru færð og var maðurinn í síðustu viku dæmdur til meðferðar.

Á sáttafundinum sem presturinn hélt árið 2007 voru ofbeldismaðurinn, foreldrar hans og foreldrar stúlkunnar. Presturinn kveðst hvorki hafa hvatt málsaðila til að leita til yfirvalda né gert það sjálfur.

- ibs

Hefst 3. september

Bakleikfimi

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkráþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í sundlaug Hrafnistu við Laugarás.

Með sambaivafi í Heilsuborg og Sporthúsinu.

Innritun í síma 897 2896
www.bakleikfimi.is

BREIDU BÖKIN

VEDURSPÁ

Sníjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

SÍÐSUMAR Vætu- samt næstu daga og heldur kaldara en verið hefur. Rigning S- og V-til í dag og á morgun. Úrkoma N-til aðfaranótt mánudags en léttir til þegar liður á daginn. Hiti 5-13 stig næstu daga, mildast SV-lands.

Á MORGUN víða 8-13 m/s

FIMMTUDAGUR Stíf S-átt vestanlands.

HEIMURINN

Alicante	31°
Basel	31°
Berlín	24°
Billund	19°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	27°
London	21°
Mallorca	34°
New York	27°
Orlando	30°
Ósló	20°
París	23°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS


MÍÐASALAN ER HAFIN

Miðasala fyrir nýtt og spennandi tónleikaár er hafin á sinfonia.is og harpa.is. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá og tryggðu þér þitt sæti.

Sala áskrifta og Regnbogakorta er enn í fullum gangi í miðasölu Hörpu.


LIFANDI TÓNLIST

BAKHJARLAR:





Ert þú dugleg/ur að sækja leikhús?



SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ættu nemendur á lokaári grunnskóla að fá einkunnir í bókstöfum í stað tölustafa?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Borgarstjóri heimsótti bæjarstjórnann í Kópavogi sem er jákvæður gagnvart nýrri brú milli sveitarfélaganna:

Fossvogsbrú yrði tákn aukinnar samvinnu

SKIPULAGSMÁL Jón Gnarr borgarstjóri og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri hittust í Kópavogi í gær og ræddu um möguleikann á nýrri brú yfir Fossvog.


„Þetta er skemmtileg hugmynd sem hefur verið til umræðu í Kópavogi í nokkur ár. Brúin yrði nýr og umhverfisvænn valkostur í samgöngum og táknmynd aukinnar samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Ármann bæjarstjóri.

„Ég er mjög hrifinn af þessari hugmynd, bæði fyrir hjólandi og gangandi og hugsanlega líka fyrir strætó,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Hugmynd sem nú er í umræðunni snýst eingöngu um brú fyrir hjólaeðamenn og

göngufólk. Aðspurður segir Dagur ekki víst að miklu dýrara yrði að gera brúna einnig akfæra fyrir strætisvagna. „Hugmyndin er að tæknimönnum verði falið að finna út úr því hvort breyta þurfi hönnunarforsendum mikið,“ svarar Dagur og bætir við brúin gæti létt mjög mikið á stórum umferðaræðum.


Brú yfir Fossvog var í vinningstillögu um skipulag Vatnsmýrarinnar fyrir nokkrum árum en hugmyndin er miklu eldri en það. Í samkeppni um skipulag Fossvogs árið 1961 lagði Sigurlaug Sæmundsdóttir arkitekt til akbrú úr Kársnesi yfir í Reykjavík. „Það þótti alveg fjarstæðukennt að ætla að brúa Fossvoginn,“ segir Sigurlaug um viðbrögðin á þeim tíma.



FORYSTUMENN HITTAST Borgarstjóri og formaður borgarráðs heimsóttu í gær bæjarstjórnann í Kópavogi og aðra forystumenn meirihlutaflokkanna þar.

MYND/S. BJÖRN BLÖNDAL

- gar



Andlegt ferðalag í Háteigskirkju – 12 spora námskeið

Í vetur verður 12 spora námskeið í Háteigskirkju sem ber nafnið Andlegt ferðalag með vinum í bata.

Námskeiðið hefst á tveimur kynningarfundum í safnaðarheimili kirkjunnar **miðvikudagna 29. ágúst og 5. september** og hefst þeir báðir kl. 19.30. Samverurnar verða svo vikulega í safnaðarheimili kirkjunnar á miðvikudögum milli kl. 19.30 - 21.30.

Saman göngum við öruggum skrefum í gegnum sporin tólf. Síðasta samveran verður 12. desember.

Allir eru hjartanlega velkomnir og það er ekkert þátttökugjald.

Nánari upplýsingar veittar á netfanginu hateigskirkja@hateigskirkja.is eða í síma 511 5400

Breivik reyndi að ávarpa öfgamenn

Norðmenn virðast almennt sáttir við dóminn yfir Anders Behring Breivik. Hann sjálfur ítrekar að hann viðurkenni ekki dómstólinn og neitar að áfrýja. Dómararnir telja litlar líkur á að hann verði hættuminni með árunum.

NOREGUR Norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik brosti þegar dómstóll í Ósló sagðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að hann væri sakhæfur og þyrfti að sitja inni í 10 til 21 ár, hið minnsta.

Dómararnir voru nærri átta klukkutíma að lesa upp dóminn, sem er 106 blaðsíður. Þar er farið ítarlega yfir öll ákæruatriðin og sagt frá glæpum Breiviks, þegar hann myrti 77 manns þann 22. júlí á síðasta ári.

Að loknum lestri dómaranna hugðist Breivik kveða sér hljóðs og ávarpa herskúa þjóðernissinna í Noregi og í Evrópu, en Wenche Elizabeth Arntzen dómari þaggaði strax niður í honum.

Almennt virðast Norðmenn sáttir við niðurstöðu dómaranna. Behring fær þyngsta dóm sem norsk lög leyfa, og mun að öllum líkindum sitja í fangelsi til æviloka. Samkvæmt norskum lögum verður hægt að framlengja dóminn, fimm ár í senn, á meðan hann þykir hættulegur samfélaginu.

Sjálfur virtist Breivik einnig nokkuð sáttur.

„Hann hefur allan tímann haft trú á að hann yrði úrskurðaður sakhæfur,“ sagði Vibeke Hein Bæra, lögmaður Breiviks, í viðtali við norska sjónvarpið.

Breivik ítrekaði hins vegar það sem hann sagði við upphaf réttarhaldanna, að hann viðurkenni ekki dómstólinn þar sem hann starfi í umboði stjórnmalaflokka sem styðja fjölmenningsarhyggju. Hann sagðist því hvorki geta samþykkt né áfrýjað úrskurðinum.

Ákærvaldið tók sér hins vegar frest til að ákveða hvort dómnum yrði áfrýjað. Samkvæmt lögum er fresturinn tvær vikur.



GEIR LIPPESTAD, ANDERS BEHRING BREIVIK OG VIBEKE HEIN BÆRA Breivik og lögmenn hans hlýða á dómara lesa upp úrskurð sinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tilhugsunin um mikið ofbeldi og manndráp er greinilega örvandi fyrir hinn ákærða.

ÚR DÓMSÚRSKURÐINUM

„Tilhugsunin um mikið ofbeldi og manndráp er greinilega örvandi fyrir hinn ákærða,“ segir í dómsúrskurðinum.

Dómstóllinn tekur sérstaklega fram að litlar líkur séu til þess að hættan af honum minnki með árunum.

„Þegar afplánun lýkur verður lýðræðið, sem hinn ákærði vill kollvarpa, áfram til staðar,“ segir í dómsúrskurðinum. „Í Noregi verða áfram innflytjendur af ólík-

um uppruna, með ólíka menningu og ólík trúarbrögð. Hinn ákærði gaf fyrir rétti til kynna að hann myndi halda áfram pólitískri baráttu sinni innan fangelsismúranna. Að lokinni afplánun mun hinn ákærði að öllum líkindum áfram hafa vilja og getu til að fremja mörg og afar hrottafengin dráp.“

Hann verður því hafður í einangrun, að minnsta kosti næstu tíu árin, og hittir varla nokkurn mann nema fangaverðina. Hann hefur þrjá klefa til umráða. Hver þeirra er um það bil átta fermetrar. Í einum er rúm, í öðrum eru líkamsræktartæki en í þeim þriðja er skrifborð með tölvu, skrúfaðri fastri. Hann hefur ekki aðgang að neti, en getur komist út í lítinn afgirtan garð í að minnsta kosti klukkutíma á dag.

gudsteinn@frettabladid.is



Skóli Ísaks Jónssonar

Getum tekið á móti nokkrum 5 ára börnum til viðbótar.

Skólinn hefst fimmtudaginn 30. ágúst.

Íslensk börn hefja fæst reglulegt nám fyrr en í sex ára bekk. Síðustu áratugi hefur nokkuð stór hópur foreldra valið að senda börn sín til náms ári fyrr í sérstaka bekkjardeild fyrir fimm ára börn sem starfrækt er við Skóla Ísaks Jónssonar.

Hafið samband í síma 553 25 90, í gegnum netfangið siganna@isaksskoli.is eða á vefnum www.isaksskoli.is til að fræðast nánar um Ísaksskóla.

Starf - Háttvísi - Þroski - Hamingja



Bólstaðarhlíð 20 | 105 Reykjavík | Sí: 553 2590 | isaksskoli@isaksskoli.is | www.isaksskoli.is

Konan sem eyðilagði óvart kirkjumálverk af Jesú á Spáni glímir við streitu:

Bærinn íhugar skaðabótamál

SPÁNN Bæjaryfirvöld í bænum Borja á Spáni er nokkur vandi á höndum eftir að áttatíu og eins árs kona, Cecilia Giménez að nafni, ætlaði að endurbæta aldar-gamalt málverk af Jesú Kristi á vegg kirkju einnar í bænum með misheppnuðum árangri.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á miðvikudag líkist verkið málverki af apa eftir þessar misheppnuðu endurbætur.

Juan María Ojeda, formaður menningarráðs bæjarins, segir bæjaryfirvöld vera að hugleiða að fara með málið fyrir dómstóla sem þeim þykir þó ekki manneskjuleg framgangna þar sem Giménez býr við erfidar aðstæður. Hún er með 60 ára gamlan son sinn á framfæri en hann er fatlaður. Þar að auki glímir hún við streitu og kvíða frá því að málið komst í hárnæli í spænskum fjölmiðlum. Dagblaðið El Mundo greinir frá því að hún liggja að mestu fyrir og nærast lítið.

Giménez hefur sagt það í sjónvarpsviðtali í spænska ríkissjónvarpinu að prestur kirkjunnar sem og mörg sóknarbörn hafi vitað af þessi verki hennar. „Ég gerði þetta ekkert fyrir luktum dyrum, hálfur bærinn sá til mín,“ segir hún þar.



MÁLVERKIÐ FYRIR OG EFTIR MEÐHÖNDLUN GIMÉNEZ Á fésbókinni er nú hvatt til þess að ekki verði átt frekar við málverkið eftir misheppnaðar úrbætur Giménez. NORDIC PHOTOS/AFP

En viðgerðir hennar hafa ekki aðeins vakið vond viðbrögð því á fésbókinni er búið að stofna aðdáendastíðu henni til heiðurs. Þar er meðal annars hvatt til þess að málverkið verði látið vera eins og hún skildi við það. Líklegast verður þeim þó ekki að ósk sinni því nú eru sérfræðingar mættir í kirkjuna til að kanna hvernig koma megi málverkinu sem mest í fyrra horf.

- jse



Uppskerumarkaður laugardag!

Komdu og verslaðu beint frá bændum frá kl 11:00 til 16:00

Gómsætt grænmeti frá Guðjóni á Melum

Ferskir ábrestitr ath.takmarkað magn

Ljúflingur, Öðlingur og Fiðringur ostar frá Kú

Auðsholtskartöflur og gulrætur

Lifrænt góðgæti o.fl. frá Sólheimum

Lifrænt ræktaðar kryddjurtir og grænmeti frá Ingólfi á Engi

Heimilisbakkelsi frá Auðkúlu

Lifrænt ræktað hunang frá Álfstöðum

Nýlagaðar sultur frá Berjabúinu Vellir



20%

afsláttur af öllum gæludýravörum

Velkomin í nýja og ennþá betri

GÆLUDÝRADEILD



Henrik kokkur

Uppskerusúpa með allskonar nýuppteknu góðgæti frá Guðjóni á Melum

spíran
bistro

30%
afsláttur á LJÓSADÖGUM



Ljósaseríur

30%
afsláttur á LJÓSADÖGUM



Kertaluktir

30%
afsláttur á LJÓSADÖGUM




Kerti

30%
afsláttur á LJÓSADÖGUM



Garðljós



GARDHEIMAR

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 20 ÁR



- 1 Hvað heitir forseti Suður-Afríku?
- 2 Yfir hvaða vog er áætlað að reisa göngubrú?
- 3 Hver skoraði tvö mörk fyrir KR gegn FH?

SVÖR:

1. Jacob Zuma, 2. Fossvog, 3. Baldur Sigurðsson.

Ýmsar leiðir eru fyrir netnotendur til þess að verjast netþrjótum:

Varúð skal viðhöfð á vefnum

NEYTENDUR Vefnotendur geta beitt ýmsum aðferðum til að verjast auglýsingum netþrjóta sem vilja hafa fé af grunlausum íslenskum netnotendum. Á stærsta netsölutorgi landsins, Bland.is, eru notendur hvattir til að vera vakandi og nota almenna skynsemi í viðskiptum á vefnum eins og annars staðar.

„Bland.is er langstærsta sölutorg Íslands á netinu og við fullyrðum að það heyri til algjörra undantekninga að fólk reyni að villa á sér heimildir og svíkja út peninga og vörur,“ segir Anna María Jónsdóttir, þjónustustjóri Bland.is. Erf-

Starfsfólk okkar bregst þá strax við og tekur viðkomandi auglýsingu út og bannar notandann.

ANNA MARÍA JÓNSDÓTTIR
ÞJÓNUSTUSTJÓRI BLAND.IS

itt geti reynst að koma í veg fyrir allar auglýsingar sem eru svokallað „spam“ eða í ætt við ruslpósta. „Starfsfólk okkar bregst þá strax við og tekur viðkomandi auglýsingu út og bannar notandann.“

Fréttablaðið hefur fjallað um

erlenda tölvuþrjóta sem villa á sér heimildir og reyna að hafa af fólk fé. Lúmskar aðferðir þrjótanna eru hins vegar til þess að blekkja þá sem þekkja ekki nægilega vel til í svona netmarkaðsviðskiptum.

Bland.is býður upp á ýmsar leiðir fyrir notendur til að staðfesta velvilja sinn eða til að tilkynna hugsanlega skúrka. Til dæmis er boðið upp á hnapp við auglýsingar sem hringir viðvörðunarbjóllum vefstjóra. „Þannig læturðu okkur vita ef um vafasama aðila gæti verið að ræða og við athugum málið strax,“ segir Anna María.

- bph

Nýtt hjúkunarheimili opnað:
Bætir aðstæður íbúa á Akureyri

AKUREYRI Nýtt hjúkunarheimili verður tekið í notkun á Akureyri í lok þessa mánaðar. Pláss er fyrir 45 íbúa á heimilinu.

Brit Bieltvedt, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, segir í viðtali við Akureyri vikublað að heimilið muni stórbæta aðstöðu íbúanna. Núverandi húsnæði í Kjarnalundi og Bakkahlíð standist ekki nútímakröfur. Haft er eftir Brit að ekki sé verið að fjölga rýmum í bænum heldur eingöngu verið að bæta aðbúnað þeirra sem fyrir eru.

- sv

Viðvörðun til starfsmanna:

Barmafullur kaffibolli þykir slysavaldur

DANMÖRK Starfsmenn í fyrirtækinu Danisco í Árósum í Danmörku mega ekki lengur fylla kaffibollann upp að börmum, að því er danskir fjölmiðlar greina frá.

Nú gilda nefnilega bandarískar öryggisreglur í fyrirtækinu þar sem það hefur verið selt bandaríska fyrirtækinu DuPont.

Fylli menn kaffibollann er hætt á að þeir brenni sig á fingrunum eða að það skvettist úr bollanum á gólfid, að því er haft er eftir talsmönnum fyrirtækisins.

Danisco er ekki eina fyrirtækið í Danmörku þar sem alþjóðlegar öryggisreglur gilda. Hjá vindmyllufyrirtækinu Vestas mega starfsmenn ekki ganga í stiga án þess að styðja sig við handrið. - ibs

Áfrýjunarnefnd Samkeppnismála staðfestir sekt fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu:

Síminn sektaður um 390 milljónir króna

SAMKEPPNISMÁL Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að leggja 390 milljóna króna stjórnvaldssekt á Símann fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu á farsímamarkaði.

Það var Nova sem kærði Símann fyrir að verðleggja lúknargjöld milli símafyrirtækja of hátt.

Í úrskurði nefndarinnar segir að brotið teljist alvarlegt „í ljósi yfirburðastöðu áfrýjanda og hvernig hann beitti henni til að láta samkeppnisaðila og viðskiptavinum þeirra í raun greiða fyrir að hann gæti haft hærri framlegð úr sínum rekstri“.

Málið teljist einnig varða mikilvæga hagsmuni „og jafnframt verður að hafa í huga að áfrýjandi var áður í einokunarstöðu á markaði og hefur ítrekað verið sektaður fyrir misnotkun á markaðsráðandi

stöðu á grundvelli samkeppnislaga“.

Samkeppniseftirlitið hafði lagt fimmtíu milljóna króna sekt til viðbótar á Símann í málinu vegna misvísandi upplýsingagjafar til eftirlitsins. Þeirri niðurstöðu snýr áfrýjunarnefndin hins vegar. Þótt í úrskurðinum segi að Símann hafi gefið ónákvæmar upplýsingar og það hafi ekki í öllum tilvikum verið útskýrt þá nægi það ekki til viðurlagaákvörðunar.

Síminn sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær þar sem verulegum vonbrigðum var lýst með niðurstöðuna. Þar sagði að áfrýjunarnefndin hefði hunsað óháð mat virtra prófessora í samkeppniserétti við lögfræðideild Kingshaskóla í London. Símann telur að háttsemin hefði verið eðlileg á samkeppnismarkaði og hyggst vísa málinu til dómstóla.

- sh



MARGSEKTAÐUR Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, sendi starfsmenn sína nýverið á námskeið um samkeppnislöggjöfina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

VILTU TAKA ÞÁTT Í RANNSÓKN Á SAMFALLSBROTUM Í HRYGG?



Rannsókn um áhrif tveggja tegunda bakbelta á verki frá samfallsbrotum í hrygg.

Óskað er eftir þrjátíu einstaklingum til að taka þátt í rannsókn þar sem kanna á áhrif tveggja tegunda bakbelta á verki sem stafa af samfallsbrotum í hrygg og bera saman við hefðbundna meðferð þar sem bakbelti eru yfirleitt ekki hluti af meðferðinni. Bera á saman hversu þægileg beltin eru og hversu mikið þau minnka verki frá samfallsbrotum í brjóst- og lendhrygg í samanburði við að nota ekki bakbelti. Sóst er eftir einstaklingum sem hafa verið greindir með samfallsbrot í brjóst- og lendhrygg og eru ekki að nota bakbelti. Skilyrði er að brotin hafi verið greind af lækni og hafi ekki þurft skurðaðgerðar við. Við samfallsbrot í hrygg fá flestir sjúklingar verkjalyf og sjúkraþjálfun og í völdum tilfellum bakbelti. Í þessari rannsókn á að kanna hvaða áhrif það hefur á verki að nota bakbelti sem ná hærra upp á brjósthrygginn en hefðbundin bakbelti.

Þátttakendur þurfa að gangast undir lækni- og ábyrgðarlæknis rannsóknarinnar til að fá staðfestingu á hæfi sínu til að taka þátt í rannsókninni. Þátttakan felst að öðru leyti í því að þátttakendum er skipt í þrjá hópa af handahófi. Tveir hópanna fá svo hvor sína tegundina af bakbelti til að nota í 6 vikur og svara spurningalistum um gæði beltanna og notkun, heilsufar, lyfjanotkun, þróun bakverkja og áhrif á daglegar athafnir við upphaf rannsóknar og eftir 1, 3 og 6 vikur. Þriðji hópurinn fær ekki bakbelti en svarar spurningalistum um heilsufar, lyfjanotkun, þróun bakverkja og áhrif á daglegar athafnir við upphaf rannsóknar og eftir 1, 3 og 6 vikur.

Greiðsla er í boði fyrir þátttöku og tryggingar hefðbundar fyrir þátttöku í slíkri rannsókn. Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar.

Þeir sem hafa áhuga á að liðsinna okkur geta haft samband við Sigríði Láru Guðmundsdóttur í síma 664-1257 eða í tölvupósti slgudmundsdottir@ossur.com. Ekki er litið á það sem skuldbindingu þótt haft sé samband, heldur að viðkomandi óski eftir frekari upplýsingum vegna áhuga á þátttöku.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar fyrir hönd Össurar er Dr. Þorvaldur Ingvarsson læknir.



Dorma-gæði!

Full búð af vönduðum vörum
á Dorma-verði!

Fyrir þínar bestu stundir!



Aðeins kr.
34.754,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-
LEGT



Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-
RÚM

Dorma-verð Shape dýnur

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	58.900,-	83.900,-
90x200	65.900,-	97.900,-
120x200	85.900,-	121.900,-
140x200	99.900,-	143.900,-
160x200	114.900,-	163.900,-
180x200	129.900,-	181.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

Heilsudýna sem:

■ Lagar sig fullkomlega
að líkamanum

■ 24 cm þykk
heilsudýna

■ Engin
hreyfing

■ Aloa Vera
áklæði

■ 5 ára
ábyrgð!

Milano hægindastóllinn fyrir notalega ólympíu-sigra!



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

OPIÐ

Holtgördum

Virka daga frá kl. 10-18

Laugard. frá kl. 11-16

DORMA



– býður góða nótt

Pöntunarsími

☎ 512 6800

www.dorma.is

Framferði Ísraela má ekki láta óátalið:

Sérmerkjum líka landnemavörur

Fagna ber viðleitni stjórnvalda í Suður-Afríku í að sporna við og vekja athygli á ofbeldi Ísraela í garð Palestínu með því að láta auðkenna sérstaklega vörur sem framleiddar eru í gyðingabyggðum vestan Jórdanar, og í Austur-Jerúsalem.

Vakið hefur mikla reiði í Ísrael að vörur af þessum svæðum verði í Suður-Afríku eftirleiddis merktar og flokkaðar sem innflutningur frá hernámssvæðum í Palestínu, en ekki sem vörur frá Ísrael. Þannig greindi fréttastofa BBC frá því að ísraelska utanríkisráðuneytið teldi auðkenningu varanna „algjörlega óásættanlega“ og dæmi um „helbera mismunun“.

Í yfirlýsingu sem ríkisstjórn Suður-Afríku sendi frá sér á miðvikudag segir hún vegar að ákvörðunin sé í samræmi við utanríkisstefnu landsins þar sem viðurkennd séu landamæri Ísraelsríkis líkt og þau voru dregin upp af Sameinuðu þjóðunum árið 1948. Þar með viðurkenni Suður-Afríka ekki hernámin landsvæði utan þess svæðis sem hluta af Ísrael.

Þá sagði Jimmy Manyi, talsmaður stjórnvalda í Pretoría, merkingu innfluttu varanna vera til þess að koma í veg fyrir að neytendur teldu varning af hernámsvæðum eiga uppruna sinn í Ísrael. Stjórnvöld segjast ekki beina neinum tilmælum til fólks um hvernig það skuli haga innkaupum sínum, en auðkennið sé liður í því að gera neytendum betur kleift að stunda upplýst innkaup. Fólki viti þá hvenær vörur séu keyptar (eða ekki keyptar) frá ólöglegum landnámsvæðum Ísraela.

Eðlilega sýna stjórnvöld í Suður-Afríku, þar sem áður var rekin aðskilnaðarstefna hvíttra stjórnvalda, baráttu palestínsku þjóðarinnar skilning, enda býr hún við aðskilnaðarstefnu, ofbeldi og yfiringang Ísraela. Stjórnvöld hafa bent á að íbúar Suður-Afríku hafi notið stuðnings alþjóðasamfélagsins við að fá sínu órétti aflétt og hvetja íbúa landsins til að styðja baráttu palestínsku þjóðarinnar.

Þá er ákvörðun Suður-Afríku ekki heldur sprottin upp úr neinu tómarúmi, því uppi hafa verið hugmyndir bæði í Danmörku og á Írlandi um að auðkenna „ísrælskar“ vörur með landtökumerki. Sömuleiðis fá vörur frá landnemabyggðum Ísraela ekki sama tollaafslátt hjá Evrópusambandinu og vörur sem framleiddar eru í Ísrael. Þessu hafa Ísraellar líka mótmælt.

Ísland var undir lok síðasta árs fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna sjálfstæði Palestínu og bættist með því í hóp þeirra 130 af 197 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna sem gert hafa hið sama. Síðan þá hefur Taíland bæst í hópinn.

Sú staða sem uppi er fyrir botni Miðjarðarhafs er óþolandi og sjálfsgert er að Ísland leggist á árar með Suður-Afríku í að upplýsa neytendur um raunverulegan uppruna varnings sem þaðan kemur. Þannig getur Ísland líka haldið áfram að sýna öðrum vestrænum ríkjum gott fordæmi í afstöðu til framferðis Ísraela með því að láta virðingu fyrir mannréttindum ráða för fremur en aðra hagsmuni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÉLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Söngfólk óskast

Blandaður kór óskar eftir söngfólki í allar raddir.

Æft er á mánudögum kl 19:00 til 21:00.

Ýmislegt framundan, þátttaka í kóramóti, og fl.

Upplýsingar í síma 897-9595 Ingunn.

Email: ingunnsi@simnet.is



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Frelsari eða syndari?

Steingrímur J. Sigfússon efnahagsráðherra skrifaði athyglisverða grein í Financial Times á dögunum til að auka hróður Íslands. Þar beindi hann sjónum manna einkum að tvennu:

Annars vegar benti ráðherrann á mikilvægi neyðarlaganna frá október 2008. Það er korrétt að þau eru til marks um velheppnaðar, fumlausar og rétt tímasettar ákvarðanir þegar gjaldmiðill landsins hafði hrunið og bankarnir fallið. Neyðarlögin komu í veg fyrir að bankarnir lokuðu og atvinnulífið stöðvaðist. Það var afrek eftir þau ósköp sem á undan voru gengin.

Hins vegar benti ráðherrann á hversu vel efnahagsáætlun



ÞORSTEINN PÁLSSON

Alþjóðagjaldreyrissjóðsins reyndist. Eftir hrunið og fram að því að áætlunin var samþykkt vörðust íslensk stjórnvöld í vök. Áætlunin gaf Íslendingum hins vegar tækifæri til þess að standa á eigin fótum í varnarbaráttunni með öflugum en stranglega skilyrtum stuðningi annarra ríkja. Þó að margt hefði mátt fara betur í framkvæmdinni skilaði áætlunin árangri.

Það skemmtilega við þessa grein er að jafnvel yngstu menn muna að Steingrímur J. Sigfús-

son var ásamt þingflokki sínum svo fullur efasemda um ágæti neyðarlaganna að hann gat ekki stutt þau. Þegar kom að samningum við Alþjóðagjaldreyrissjóðinn varð allt blátt fyrir augum hans. Fullveldi þjóðarinnar, efnahagslegu sjálfstæði og vinstri pólitík þótti standa slík ógn af þeim að nota þurfti sömu lýsingarorðin og flokksmenn hans og hann sjálfur nota nú um samningana sem hann er að gera um aðild að Evrópusambandinu.

Greinin var skrifuð af stali frelsara en minnti þó alveg eins á gamlan syndara. Í reynd var hún fremur skynsamleg lofgjörð um stefnumótun ríkisstjórnar Geirs Haarde þegar í óefni var komið fyrir fjórum árum.

Glataða syninum var ekki fagnað

Í bók bókanna er mönnum kennt að fagna glataða syninum. Ekki hefði því komið á óvart þótt Morgunblaðið hefði gert það fyrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins að klappa Steingrími J. Sigfússyni aðeins á öxlina og metið við hann að hann skyldi seint og um síðir gera alþjóðasamfélaginu grein fyrir mikilvægi þessara haldgóðu íhaldsráða sem hann fékk síðan tækifæri til að framkvæma á sinn hátt.

Íhaldsaðgerðirnar í ríkisfjármálum voru mildari en ella hefði orðið vegna þess að þeim átti að fylgja eftir með verðmætasköpun í orkufrekum iðnaði. Útfærsla skattkerfisbreytinganna og andstaða við orkufrekan iðnað í stjórnarflokkunum veiktu hins vegar framkvæmdina. Eigi að síður skilaði hún árangri og var því rétt ráðin. Það var hins vegar misráðið að yfirgefa áætlunina á síðasta ári eins og ríkisstjórnin gerði og ráðherrann hefði átt að geta um.

Við stæðum vissulega betur að vígi ef áætluninni hefði verið fylgt

betur. Hagvöxturinn væri þá í ríkari mæli byggður á verðmætasköpun og minna mæli á eyðslu umfram efni. En það breytir ekki hinu að sjálfstæðismenn gætu, ef þeir vildu, skrifað þann árangur sem náðst hefur að einhverju leyti á sinn reikning.

Það myndi styrkja Sjálfstæðisflokkinn fremur en veikja í komandi kosningum að benda á hverjir sömdu við Alþjóðagjaldreyrissjóðinn. En hvers vegna vilja helstu málsvavar hans ekki halda þessu merki á lofti?

Fórnir fyrir fortíðina

Hafa verður í huga að ágreiningur var í Sjálfstæðisflokknum um efnahagsáætlun Alþjóðagjaldreyrissjóðsins. Móttþrói Seðlabankans fór aldrei leynt þó að hann skrifaði á endanum undir. Sú aðstoð sem sjóðurinn og nokkur ríki Evrópusambandsins veittu og þau höfðu skilyrði sem henni fylgdu hafa hugsanlega þótt varpa skugga á efnahagsstjórn áratugarins þar á undan. Það er skiljanlegt.

Hér verður hins vegar ekki bæði sleppt og haldið. Þar af leiðir

að réttlátri hlutdeild í því sem vel var gert strax eftir hrun er fórnafyrir ímynd liðinnar tíðar. Þetta er svipað og gerðist með öfugum pólitískum formerkjum í sjávarútvegs- málum á tíunda áratugnum.

Í byrjun hans lögfestu vinstri flokkarnir mjög hófsama markaðsvæðingu í sjávarútvegi sem kom í hlut Sjálfstæðisflokksins að framkvæma. Í gömlum skýrslum Efnahags- og framfarastofnunarinnar kemur fram að sú breyting var forsenda þess efnahagsárangurs sem náðist á þeim tíma.

Sú uppstokkun sem markaðsvæðingin leiddi til olli eðlilega umróti og misklíð meðan breytingarnar gengu yfir. Vinstri flokkarnir kusu heldur að róa á þau óánægjumíði í atkvæðaveiðum en eigna sér hlut í því sem sannarlega olli þáttaskilum í efnahagsþróuninni og þeir áttu upphafið að. Sjálfstæðisflokkurinn naut þess. Öfugsnúningur í pólitík er því ekkert nýmáli. Nú er svo verið að kollvarpa fiskveiðikerfinu til að sýna trúmennsku við óánægjupólitík fortíðarinnar.



Golfferðin bín er í öruggum höndum



Golfferðir haust og vetur 2012 / 2013

TRAUST, ÞJÓNUSTA, ÞEKKING OG REYNSLA

FLOGIÐ MEÐ ICELANDAIR – FRÍTT FYRIR GOLFSETT!

SPÁNN

- ★★★★★ EL ROMPIDO hótél 36 holur
 - ★★★★ EL ROMPIDO íbúðir ALLT INNIFALIÐ
 - ★★★★ ISLANTILLA 27 holur
 - ★★★★ MATALASCAÑAS + golfskóli
- ALLT ÞRAUTREYNDIR STAÐIR Í MÖRG ÁR!

11 náttu ferðir: 8.–19. okt. og 19.–30. okt.

Verð frá 199.900 kr.* 11 nætur!
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Matalascañas 19.–30. okt. (*fullt verð 209.900 kr.)

HÁLFT FÆÐI OG ÓTAKMARKAÐ GOLF INNIFALIÐ!

- ★★★★★ MAR MENOR
 - ★★★★ VALLE DEL ESTE
- TVEIR VINSÆLUSTU GOLFSTAÐIRNIR HJÁ ALICANTE

7 og 14 náttu ferðir: 26. sept. til 24. okt.
Hægt er að dvelja á báðum stöðum í sömu ferð!

Verð frá 169.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli í 7 nætur á Valle del Este. (*fullt verð 179.900 kr.)

FULLT FÆÐI, ÓTAKMARKAÐ GOLF MEÐ GOLFBÍL INNIFALIÐ!

GOLFSKÓLI

Hinn sívinsæli golfskóli okkar er í boði á Valle del Este: 26. sep. til 3. okt. og í báðum 11 náttu ferðunum til Matalascañas. Sjá nánar á vefsíðu okkar og GOLFSKÓLI VITA á Facebook.

NÝTT!

ISLANTILLA Helgarferð: 5.–8. okt. ★★★★★

3 nætur og 4 golfdagar
(hægt að spila frá kl. 17:00 á komudegi)

Verð frá 99.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Islantilla 5.–8. okt. (*fullt verð 109.900 kr.)

HÁLFT FÆÐI OG ÓTAKMARKAÐ GOLF MEÐ GOLFBÍL INNIFALIÐ

MADEIRA

ÖRFÁ SÆTI LAUS
Lúxus-golfferð til draumaeyjarinnar.
22.- 31. okt.

MEXÍKÓ

18 og 23 náttu ferðir frá 6. feb. 2013
MAGNAÐUR HEILDARPAKKI!
Ferðin sem sló í gegn í fyrra!

Nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif



VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið

Ritstjóri spyr – háskólakennari svarar

Eftirlitsstofnanir

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
lektor í opinberri stjórnsýslu



Ritstjóri Fréttablaðsins skrifar í leiðara blaðsins 22. ágúst sl. um ákærna á hendur fyrrum forstjóra FME. Þar spyr hann hvað hafi orðið um samsærið og vísar þar til greina-skrifa minna og prófessors Roberts Wade. Þar með tengir ritstjórinn saman mál sem áður voru talin ótengd.

Hið rétta er að mál Gunnars Andersen er ekki hjá ríkissaksóknara vegna þeirra ásakana sem voru til umfjöllunar hjá stjórn FME áður en „bankaleyndarmál Landsbankans“ kom upp, heldur fyrst og fremst vegna bankaleyndarmálsins sem kom eins og þruma úr heiðskíru lofti og virtist skera stjórn FME úr snöru þess vandræðagangs sem einkennt hafði málsmeðferð hennar í málefnum forstjórans.

Af skrifum ritstjórans má skilja að þar séu færð fyrir því rök að þær hættur sem steðja að

sjálfstæðum eftirlitsstofnunum og fjallað er um í skrifum okkar Roberts séu ekki til staðar, a.m.k. ekki á Íslandi. Ef svo er, þá er það ofureinföldun á raunveruleikanum ef ekki hreinn barnaskapur að halda slíku fram. Ef það er hins vegar ekki réttur skilningur, þá er spurning hvernig skilja má þessa tengingu ritstjórans? Líklegt svar gæti verið tilraun til að afvegaleiða umræðuna um þær hættur sem sjálfstæðar eftirlitsstofnanir búa við vegna sterkra fjárhagslegra hagsmuna úti á markaði. Ritstjórinn gengur svo langt í árásum sínum á skrif okkar Roberts að hann notar „branding“ aðferðina, þ.e. hann brennimerkir greininguna með því að kalla hana „samsæriskenningu“. „Branding“ er aðferð sem oft er gripið til við rökþrot í þeim tilgangi að grafa undan trúverðuleika þeirrar greiningar sem fyrir liggur.

Ritstjórinn bendir á að í skrifum okkar Roberts hafi reyndar gleymst að útskýra af hverju stjórn FME, sem fram að því hafði sent tugi mála gegn fjármálamönnum til saksóknara, hefði átt að ganga erinda þeirra. Mér er ljúft að endurtaka og

útskýra það hér í stuttu máli. Svárið felst í hugtakinu „cognitive capture“, en það hugtak lýsir því hvernig starfsfólk og stjórnendur sjálfstæðra eftirlitsstofnana sem vinna með mikið af upplýsingum um starfsemi einstakra stofnana sem þau fara með eftirlit með eru oftast úr sama hópi sérfræðinga og þeir sem starfa innan þeirra fyrirtækja sem lúta eftirliti, þ.e. lítill þröngur hópur fólks gjarn-

Þessi faglegi skyldleiki og tíðu samskipti hafa leitt til þess að starfsmenn eftirlits eiga auðveldara með að samsama sig og tileinka sér þá sýn og þann skilning sem ríkir meðal þeirra sem þeir eiga að hafa eftirlit með, sýn sem smitar frá sér til stjórnarmanna sem gjarnan eru líka með svipaðan bakgrunn og starfsmenn. Öll eiga þau sín faglegu og félagslegu tengslanet sem skarast. Starfsmenn sjálf-

hagsmuni af því að grafa undan trúverðuleika eftirlitsstofnana þarf að skoða hvaða aðferðir þeir nota. Þá er rétt að spyrja hvað skýrir að þær aðferðir geta virkað. Ritstjóri, þetta var svarið.

Allt mál fyrrum forstjóra FME frá ráðningu til brottreksturs er blanda af farsa og harmleik sem almenningur í landinu veit ekki hvernig hann á að skilja, enda leiksviðið opinber stofnun en ekki leikhúsið. En því miður, þetta er hin íslenska stjórnsýsla og siðbótin sem okkur var lofað í kjölfar hrunsins.

Ábyrgð stjórnvalda er mikil. Mín greining og umræða um málefni fyrrum forstjóra FME snýr að málsmeðferðinni frá upphafi til enda. Þar hef ég talið og tel enn að stjórnvöld beri mikla ábyrgð og vil ég benda í því sambandi á niðurlag greinar minnar um aðför að eftirliti sem birtist hér í Fréttablaðinu 17. apríl sl.

Rétt er að minna á að háskóla-samfélaginu hefur verið legið á hálsi fyrir gagnrýnislausu umræðu og jafnvel fyrir að spila með í veislugleði viðskiptalífsins í bóluhagkerfi banka- og stjórn-málamála fyrir hrun.

Að því tilefni tel ég rétt að gera grein fyrir því að störf háskólakennarans sem hér skrifar eru fjármögnuð af almannafé, úr ríkissjóði. Í máli hans felst gagnrýni á stjórnvöld úr hvers sjóðum hann þiggur sín laun. Störf ritstjórans sem tekur til varnar fyrir fulltrúa stjórnvalda eru fjármögnuð af aðilum á markaði. Það út af fyrir sig er umhugsunarvert.

Þegar spurt er hverjir hafi hagsmuni af því að grafa undan trúverðuleika eftirlitsstofnana þarf að skoða hvaða aðferðir þeir nota. Þá er rétt að spyrja hvað skýrir að þær aðferðir geta virkað. Ritstjóri, þetta var svarið.

an með sams konar eða skylda menntun að baki. Starfsfólk eftirlitsstofnana á í miklu meiri samskiptum við þennan hóp en þann hóp fólks sem það er að vinna fyrir og hvers hagsmuna það er í rauninni að gæta, þ.e. almannahagsmuna í „umboði kjörinna fulltrúa“.

stæðra eftirlitsstofnana geta þannig í persónulegu og faglegu tilliti átt meira sameiginlegt með aðilum á markaði en með opinberri stjórnsýslu sem þau eru þó „ákveðinn“ hluti af. Þess vegna eiga slíkar stofnanir frekar á hættu að verða fórnarlömb fyrirbærisins „cognitive capture“. Federal Reserve í Bandaríkjunum sem gegndi ólíku hlutverki en t.d. Seðlabanki Evrópu og Englandsbanki að því leyti að hann fór (og fer enn) með eftirlit með banka- og fjármálastofnunum og hafði því aðgang að miklum stofnanaupplýsingum hefur verið nefndur sem dæmi um „fórnarlamb“ þessarar tegundar hagsmunayfirtöku í aðdraganda fjármálakreppunnar 2008.

Þegar spurt er hverjir hafi

Brautargengi í Reykjavík

Námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd í nýju eða starfandi fyrirtæki

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynni grundvallaratriðum varðandi stofnun fyrirtækja
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestur, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu og hentar jafnt konum sem eru að hefja rekstur og konum sem reka nú þegar fyrirtæki.

Kennsla hefst 10. september. Umsóknarfrestur er til 31. ágúst.

Umsóknarform er að finna á www.nmi.is. Upplýsingar veitir Hildur Sif Arnardóttir í síma 522 9267 og hildur@nmi.is.

ÞEKking - KRAFTUR - TENGL

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

www.volkswagen.is



Sigurvegari í sparakstri*

Golf kostar aðeins frá 3.290.000 kr.

Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskíptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6



Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsliu 2012, í flokki dísilbila 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Alltaf lágt verð

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ



BOSCH
10,8 V MULTISETT
4 HLUTIR
4 stk. 10,8 V tæki;
bor/skrúfuvél 2-gírar,
sverðsög, slagskrúf-
vél, lugt og 3 stk. 1,3
Ah rafhl. með hrað-
hleðslutæki fylgja í
tösku.

64.995,-

VERKSTÆDISVAGN
Með 6 skúffum.

35.995,-



VERKSTÆDISVAGN
0,8 mm kröftugar svart-
lakkaðar stálplötur
með 0,5
mm stömu
vinnuborði.
Skúffurnar
eru þjálur.
Stærð 67,6 x
45,9 x 84 cm

29.995,-

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ



BOSCH
HLEÐSLU/HÖGGBORVÉL
PSB 18 LI-2 0-1650 snún./mín. Hersla
48 Nm. 1,5 Ah rafhlaða og hleðslu
tæki í tösku
fylgir með.

24.995,-

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ



FEIN MULTIMASTER START
Multimaster start FMM 250. Sagar,
slípar og sker. Aukahlutir fylgja.
Fyrir handlagna
sem vilja gæði á
góðu verði.

28.995,-



STABILIT
SKRÚFUBOX
Spónaplötu
skrúfur með
torx.
1700 stk.

1.945,-



STANLEY
MASTER VERKFÆRAKASSI
Svartur.

2.995,-



VERKFÆRATASKA
Þrjár í einni.

4.995,-



127 HLUTIR

WISENT
„UNIVERSAL“ VERKFÆRATASKA
Innih. m.a. hamar, skrúfbitasett,
rennimál, sög, hallamál, fastlykla,
skiptilykla,
skrúfjárn,
tangir ofl.

29.995,-

Kids Club



Krakkar, það verða
andlitsmálarar í
BAUHAUS
á laugardaginn
frá kl 12-17 og
maurinn mætir á
svæðið.



BAUHAUS er með eitt mesta úrval landsins af handverkærum og öðrum
tækjum og tólum fyrir handlagna sem vilja gæði á góðu verði.

Hjá okkur færðu fjöldan allan af alls kyns verkfærum sem eru til margra hluta
nytsamleg og nauðsynleg á hverju heimili... skrúfjárn, hamra, sagir, skrúfbita,
vinkla, málbönd, sporjárn, bitara, bora, stingsagarblöð, límbýssur, sandpappír,
wisegriptangir, afeinangrunartangir, skiptilykla, topplyklasett, flísaskera, þjalar,
verkfærakistur, járnsgagir, hallamál, þvingur eða röratangir...og margt fleira
Komdu til okkar í **BAUHAUS** og skoðuðu úrvalið sem er í boði... og þú ferð
ekki tómhentur heim.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 23. ágúst til og með sunnudagsins 26. ágúst 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

ÚTVÖRÐ
BÍLHÁTALARAR
BÍLMAGNARAR

RISA AÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

ENN MEIRI AFSLÁTTUR

UPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR PURRKARAR OFNAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
HELLUBORÐ

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

DVD SPILARAR BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

HTS AALLA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM!

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**OPIÐ ALLA
HELGINA!**

Laugardag 11-16 og sunnudag 13-17

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa *friete* Bauknecht elna exido VESTFRÖST (i) INDESIT DeLonghi Whirlpool

MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI!



TOSHIBA INTEL PENTIUM

Toshiba C850-131

Ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950 örgjörva, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

89.990

ÖFLUGUR ÖRGJÖRVI



ASUS Asus EEE 1015BX

Ein sú allra nettasta með öflugum AMD C-60 örgjörva og AMD Radeon HD6250 skjástýringu fyrir betri myndgæði. 1GB í minni og 320GB harður diskur.

59.990

11,6"

AMD
C-60

7 TÍMA RAFHLAÐA



ASUS

ASUS EEE
1225B 092M

Silfrúð og mjög flott hönnuð 11,6" fartölva með AMD-C60 Dual Core örgjörva, 2GB vinnsluminni, AMD Radeon HD6250 skjástýringu og 320GB hörðum disk. 6 hólfa rafhlaða sem tryggir mjög langa rafhlöðuendingu.

74.990

STÓR 640GB DISKUR




15,6"

acer Acer A5349-B814

Frábær fartölva með miklu geymsluplássi. 15,6" skjár með LED baklýsingu. Intel Dual Core örgjörvi. 4GB vinnsluminni.

79.990

ACER ULTRABOOK



acer

Acer Aspire S3-951

Stílhrein og örþunn Ultrabook fartölva með 13,3" skjá. Intel Core i3 örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 500GB harður diskur. Létt í skólann.

139.990

13,3"

intel
CORE™ i3

ASUS ZENBOOK



ASUS Asus Zenbook UX32A-R3001V

Örþunn og töff með burstaðri stálumgjörð. Kraftmikil með Intel Core i3 örgjörva, 4GB minni og 500GB hybrid diskur með 24GB SSD. Löng rafhlöðuending.

169.990



TVÖFALT VINNSLUMINNI

Apple MacBook Pro Z0MT

Glæný 13" Macbook Pro með nýjstu kynslóð af Intel i5 örgjörvanum, háhraða USB tengi og Thunderbolt. Við bjóðum hana með 8GB vinnsluminni í stað 4GB.

229.990

Opið í verslunum um allt land á laugardag frá 11-16 og 13-17 á sunnudag á Suðurlandsbraut

6 VERSLANIR
UM ALLT LAND

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI



OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

Laugardag 11-16
Sunnudag 13-17

6GB MINNI OG
640GB DISKUR



15,6"

TOSHIBA Toshiba SAT C855-18C

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB disk. Windows 7 Home Premium.

99.990

TOSHIBA

INTEL CORE i5 IVY BRIDGE

Toshiba Satellite L850-1CX

Mjög öflug vél með Intel Core i5 3210M örgjörvanum og bættri skjástýringu með Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DDR3 minni sem er stækkanlegt í 16GB, 640GB harður diskur, 2x USB3 tengi og HDMI.

129.990



FÆST MEÐ ENN BETRA
SKJÁKORTI Á 139.990



ÓDÝRSTA
INTEL
CORE i3

acer

Acer Apsire 5749G-2354G

Intel Core i3 2350M SandyBridge örgjörvi sem er öflugri en eldri gerðir með endurbættri Intel HD3000 skjástýringu. 500GB harður diskur.

99.990



15,6"

HAGKVEMASTA INTEL CORE i3

TOSHIBA Toshiba SAT C855-1FG

Öflugur 2,3GHz Intel Core i3 örgjörvi og stór 640GB harður diskur. 15,6" LED skjár með 1366x768 upplausn og innbyggðri 1mp HD myndavél. USB 3 og HDMI tengi. Windows 7 Home Premium.

109.990

NÝJASTA
KYNSLÓÐ 4
KJARNA AMD
ÖRGJÖRVA



15,6"

AMD A10

TOSHIBA Toshiba L855D-104

Nýjasti og besti fjögurra kjarna AMD örgjörvinn 3.2 GHz A10-4600M. Mjög hraðvirk með 8GB 1600MHz DDR3 minni og AMD HD7660G DX11 skjákjarni fyrir öfluga grafíkvinnslu og leiki. Risastór 750GB harður diskur.

139.990



17,3"

STÓR SKJÁR OG LEIKJASKJÁKORT

TOSHIBA Toshiba SAT C870D-10M

Hvít með Dual Core AMD E2-1800 örgjörva, AMD HD7340G skjákjarna, 4GB minni og 500GB diskur. Frábær kaup.

99.990



TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRDUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



STEFÁNSSYNIUR Haraldur Ari er á leið í þriggja ára leiklistarnám í Central School of Speech and Drama og mun spila með bandinu í fríum. Unnsteinn segir samstarf þeirra vina halda áfram. „Svo kemur hann aftur og þá höldum við áfram. Samt ekki endilega sem hljómsveit. Fyrirtækið Stefánssynir mun alltaf vera til.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með húðflúr upp á bræðralagið

Retro Stefson gefur út samnefnda plötu á haustdögum sem kemur í kjölfarið út um alla Evrópu. Á sama tíma verða breytingar hjá bandinu þegar **Haraldur Ari Stefánsson** heldur til London í leiklistarnám. **Hallfríður Þóra Tryggvadóttir** ræddi um vinsældir hljómsveitarinnar og fyrirtækið Stefánssynir við hann og forsöngvarann **Unnstein Manuel Stefánsson** yfir svörtu kaffi og tei.

„Qween er fyrsta lagið sem er vinsælt með okkur í útvarpi,“ segir Unnsteinn um fyrsta smellinn sem var opinberaður af þriðju breiðskífu Retro Stefson. Hún ber titilinn Retro Stefson og er væntanleg í lok september. „Það var mest spilaða lag Rásar 2 fyrri helming ársins. Lagið kom út í desember en fólk fattaði það ekki fyrr en í janúar,“ segir hann og útskýrir að þá hafi fólk uppgötvast að þetta væri ekki jólaglag. Nú hafa tvö lög af plötunni farið í spilun. Það er fyrrnefnt lag og hið spánýja Glow.

„Við frumfluttum Qween samt 10. júní á Nasa í fyrra en enginn tók eftir því, allir þar voru svo drukknir,“ segir Haraldur. Þeir hófu að spila það á erlendri grundu á Íslandsgæðingunum í Eistlandi í lok ágúst í fyrra en þá var lagið fullunnið.

Platan hefur verið í hljóðblöndun í heilt ár. „Ég sit þessa stundina yfir mixinu,“ segir Unnsteinn og er ánægður með langa vinnslutímann. „Mörg laganna hljóma miklu betur núna,“ segir hann en lagasmíð sveitarinnar er að mestu í hans höndum. „Ég sem allt á nýju plötunni fyrir utan tvö lög,“ segir hann en bassaleikarinn Logi samdi eitt og annað er eftir gítarleikarann Þórð. Hermigervill og Styrmir Hauksson hafa unnið náði með þeim að smíð laganna og við hljóðblöndun.

Platan gefin út um alla Evrópu

Hljómsveitin Retro Stefson varð til árið 2006 fyrir þátttöku í Söngvakeppninni Samfés fyrir hönd Austurbæjarskóla. Unnsteinn, þá fimmtán ára, kallaði alla bestu vini sína saman og yngri bróður sinn Loga Pedro og úr varð sveit sem hefur undanfarin sex ár látið að sér kveða á Íslandi sem og út fyrir landsteinana.

Undir lok árs 2010 undirritaði bandið samning við þýskan hluta útgáfurísans Universal. „Við vorum í hálfri ári í Berlín í fyrra að kynna þá plötu,“ segir Unnsteinn og á við aðra breiðskífu þeirra, Kimbabwe. Hún var gefin út í öllum þýskumælandi löndum Evrópu. „En þessi verður gefin út um alla Evrópu í byrjun 2013,“ segir Haraldur spenntur.

Í kjölfar samningsins við Uni-

versal hefur þýskur aðdáendahópur þeirra stækkað ört. „Sama fólk er að koma á tónleika og syngur með lögnum,“ segir hann. Þeir segja sölutölur á þýskum markaði þó ekki vera sláandi háar en áhorfendaskarinn hefur stækkað.

Á þessu ári hefur sveitin dvalið öllu styttra í Berlín. „Já, við höfum verið í svona þrjá mánuði. Við ætlum að vera jafn lengi í Berlín og í fyrra en svo varð Qween svo vinsælt að við þurft-

um að spila á fullt af gígum hér,“ segir Unnsteinn og nefnir miðnæturoppnanir í Kringlunni og Smáralind því til stuðnings.



Við tókum þátt í Rímnaflæði og kepptum á móti Igor og Bent á Ingólfstorgi. Við komumst meira að segja í Stundina okkar.

um að spila á fullt af gígum hér,“ segir Unnsteinn og nefnir miðnæturoppnanir í Kringlunni og Smáralind því til stuðnings.

Lítið um djamm

Tveggja vikna tónleikaferðalagi þeirra lauk á menningarnótt og var síðari vikan nokkuð strembin. „Við spiludum í Berlín og keyrðum daginn eftir í átta tíma til að spila á Sound of the Forest fyrir utan Frankfurt og svo flugum við þaðan til Íslands á menningarnótt,“ útskýra þeir í sameiningu. „Við lentum um miðjan daginn og spiludum á Arnarhóli um kvöldið,“ segir Unnsteinn sem kom fram á tveimur stöðum síðar sama kvöld. Þetta er aðeins hluti af erlendu tónleikahaldi þeirra en meðal hátíða sumarsins voru Off Festival í Póllandi, Dockville Festival í Hamburg og INmusic í Króatíu. „Off Festival stendur upp úr en það var gaman að fara til Póllands sem er svona vinaland Íslands og þar þekkti fullt af fólk löginn sem kom okkur skemmtilega á óvart.“ En hvernig eru svona ferðalög? Er mikið djammað? „Nei, eiginlega ekki. Auðvitað er mikið djammað ef við hittum Íslendinga en ef maður ætlar að halda geðheilsu þá er ekki hægt að vera á endalausum fyllerí. Sérstaklega þegar við erum alltaf sjö saman og að spila kannski fimm kvöld í röð,“ segir Haraldur og Unnsteinn lítur til

hans og segir: „Sérstaklega þegar maður þarf að vera hoppandi og skoppandi.“

Skoppandi bakraddasöngkona
Haraldur syngur og sér um slagverk. „Ég er svona bakraddasöngkona,“ útskýrir hann. Eitt mikilvægasta hlutverk hans er að fá áhorfendur til að stíga stemningsfull dansspor. Við þá iðju klæðist hann gjarnan stuttbuxum og hlýraból enda tekur á að hoppa og skoppa endalaust. „Já, það er dálít-

Haraldur spilar í fríum

byrjaðir að syngja með og úti eru áhorfendur farnir að þekkja löginn meira. Auk þess eru nýju löginn dansvænna. Það er ekki mikið pláss fyrir brellur yfir löginn og þau eru kannski þéttari,“ segir Unnsteinn. Haraldur bætir við: „Það er án efa meiri heildarbragur á plötunni.“ Forsöngvarinn tekur við: „Þetta er bara meira teknó og meira stuð.“

„Ef við spilum um jólin þá kemur hann sem sérstakur gestur og þá kemur lagið hans Haraldar,

id erfitt en það venst. Stundum nær ég samt ekki andanum og við náum ekki að syngja. Það er erfiðast ef við erum að prófa nýtt dansspor og gerum mikið af því. Þá verðum við þreyttir. En það hjálpar að vera í ágætu spilaformi.“

Nú ertu bersýnilega í góðu formi. Hvað ertu að æfa? „Leikfimi,“ svarar Haraldur. „Haraldur fer í þrek,“ segir Unnsteinn hæðnislega og Haraldur er ekki lengi að bæta inn í: „Við byrjum allavega í Víkingaþreki í Mjölni á morgun klukkan hálf sjö,“ segir hann og minnir vin sinn á átök morgundagsins.

Áhugamaður um söngleiki
Áhugi Haraldar á leiklist er síður en svo nýr af nálinni. „Ég hef alltaf verið mikið í leikhúsinu en hef alveg reynt að finna eitthvað annað. Þegar ég var yngri ætlaði ég að vera slökkviliðsmaður og sirkusstjóri.“

Hann á ekki langt að sækja áhugann en faðir hans er leikarinn og leikstjórinn Stefán Jónsson og móðir hans er söngkonan og dansarinn Agnes Amalía Kristjónsdóttir. „Ég fattaði þetta í byrjun menntaskóla. Ég gerði nokkur verkefni þegar ég var yngri en eftir því sem þau urðu fleiri jókst áhuginn,“ segir hann.

„Mamma hans Haraldar var ljónið í Kardimommubænum,“ segir Unnsteinn stoltur og Haraldur tekur af honum orðið. „Ég var alltaf að horfa á það. Hún hefur leikið í mörgum söngleikjum.“ Í sömu mund ljóstrar hann upp um lúmskan áhuga sinn á því leiklistarformi. „Ég kann nokkur lög úr söngleikjum en það er ekki vinsælt þegar ég syng þau.“

Hann er á leið í klassískt leikaranám með áherslu á samtímaleiklist og svokallað spunaleikhús. „Hann mun leika dópista í realísku samtímadrama það sem

eftir er,“ bætir Unnsteinn við og Haraldur hlær og lýsir náminu. „Mér finnst námið mjög spennandi. Maður er mikið að skapa sitt eigið ásamt því að læra allt það sama og í öðrum leiklistarskólum. En ég veit ekkert hvernig útkoman verður.“

Unnsteinn segist hafa skammt sín fyrir fjölda áhugamála og hugmynda um framtíðarstörf í æsku en nú eigi tónlistin hug hans allan. „Þetta er það eina sem mér finnst ég knúinn til að gera á hverjum degi og það sem mér finnst ég kunna ótrúlega vel.“ Hann segir þó að hugurinn leiti í nám í kvikmyndagerð.

Fyrirtækið Stefánssynir

Að sögn Unnsteins hefur alltaf verið á dagskrá að Haraldur færi í leiklistarnám. „Svo kemur hann aftur og þá höldum við áfram. Samt ekki endilega sem hljómsveit. Fyrirtækið Stefánssynir mun alltaf vera til,“ segir hann en þeir eru báðir Stefánssynir.

Samstarf þeirra nær aftur til leikskólaáranna. „Við kynntumst í leikskóla en svo flutti Haraldur í Mosó. Þess vegna var hann ekki í Retro Stefson frá byrjun,“ segir Unnsteinn. Haraldur bættist í hópinn í febrúar 2008. „Ég var bara aðdáandi þeirra og kunní alla textana,“ segir hann og Unnsteinn rifjar upp. „Haraldur var í salnum á einum tónleikum og við fengum hann upp á svið til að spila á hristu.“ Í kjölfarið voru Stefánssynir sameinaðir í Retro Stefson.

Með húðflúr upp á bræðralagið

Fyrsta hljómsveit vinanna var rappsveitin Rapp 101 árið 2001. „Við tókum þátt í Rímnaflæði og kepptum á móti Igor og Bent á Ingólfstorgi. Við komumst meira að segja í Stundina okkar,“ segir Unnsteinn sem var þá ellefu og Haraldur tíu ára. „Svo gerðum við alltaf stuttmyndir þegar það voru pabbahelgar hjá Harald,“ segir hann og rekur sögu bræðralagsins.

„Við erum meira segja komnir með tattú upp á það,“ segir Unnsteinn og lyftir upp erminni svo húðflúr með frönsku áletruninni Stefánssynir kemur í ljós á upp-handleggnum. Haraldur á eftir að næla sér í húðflúr en yngri bróðir Unnsteins ber sams konar. „Já, Haraldur ætlar að fá sér á ilina.“

5 ára afmælishátíð Fjarðaáls



Bræðumir Snorri og Jón Óli Benediktssynir, starfsmenn Fjarðaáls, gera sér glaðan dag með fjölskyldunni heima á Egilsstöðum.

Alcoa Fjarðaál fagnar fimm ára afmæli fyrirtækisins um helgina. Frá því að framleiðslan hófst hafa starfsmenn álversins framleitt 1,6 milljónir tonna af áli og nemur útflutningsverðmætið um 400 milljörðum króna. Á álverssvæðinu vinna að jafnaði milli 800 og 900 manns. Við erum afar stolt af þessu framlagi okkar til samfélagsins.

Við vonum að sem flestir fagni afmælinu með okkur við álverið á Reyðarfirði, sunnudaginn 26. ágúst. Hægt verður að skoða álverið, hlusta á söng, hlæja og skyggjast inn í Hálsaskóg með þeim Lilla klífurmús og Mikka ref sem koma í heimsókn frá Þjóðleikhúsinu.

Verið velkomin!

www.alcoa.is

Komdu í afmæli Fjarðaáls sunnudaginn 26. ágúst, skemmtidagskráin hefst klukkan 14.

Alcoa Fjarðaál





Sælustund í sólinni

Um leið og ég sá þemað Svona er sumarið fékk ég hugmyndina að myndefninu. Því fór ég í góðviðri um síðustu helgi með tíkina Zóý heim til lítillar frænku minnar, Birnu Einarsdóttur, og keypti ís á leiðinni. Birna og Zóý stilltu sér upp og ég smellti af. „Til fróðleiks bætir Guðmundur við að orðið zóý þýði líf á hebresku, tíkin hafi nefnilega verið tekin með keisaraskurði á sínum tíma. Hann kveðst eiga tvo aðra hunda en þeir hafi ekki verið fúsir í fyrirsætustörfin því kanínur hafi verið í næsta húsi.

Guðmundur tók myndina á Nikon D-800, eins og sigurmyndina í síðustu keppni. „Þetta er nú þokkalegur árangur miðað við að hafa bara tekið myndir í eitt ár,“ segir hann ánægður, enda fær hann flugmiða með Wow Air að launum.

- gun

2. SÆTI



Í byggð og óbyggð en alltaf í sól

Svona er sumarið var þema fjórðu og síðustu sumarmyndakeppni Fréttablaðsins í ár. Ekki stóð á lesendum að taka þátt, enda hafa margir landsmenn notið sólríkasta sumars í manna minnum og eflaust hafa þeir tekið óteljandi myndir, bæði heima og á ferðum sínum. Sigurvegari nú var sá sami og síðast, Guðmundur Árnason, og prýðir mynd hans forsíðu blaðsins.

3. SÆTI



4-5. SÆTI



4-5. SÆTI



2. SÆTI Höfundur þessarar myndar er Kjartan Valgarðsson sem fór með 20 manna vinahópi á Hornstrandir í júlí og gisti í Hornbjargsvita. Sonur hans Hallgrímur er í forgrunni, staddur á Kálfatindum og horfir yfir Hornvík. Hvíti flekkurinn á vatninu eru fuglar á flugi og húsin niðri við flæðarmálið sýna fjarlægðina.

3. SÆTI Kristín Guðrún Ásgeirsdóttir tók þessa listrænu mynd í Krossneslaug í Árneshreppi á Ströndum einn góðviðrisdaginn í sumar. Laugin er í flæðarmálinu og handan Trékyllisvíkur blasir Reykjaneshyrnan við.

4. TIL 5. SÆTI Fred Schalk, sem er höfundur þessarar myndar, nefnir hana Gulleppi undir Eyjafjöllum. Þess má geta að Drangurinn sem bærinn Drangshlíð heitir eftir er á miðri myndinni.

4. TIL 5. SÆTI Gleðin skín úr augum þessara ungmeyja sem Tinna Stefánsdóttir smellti mynd af í léttu svífi á trampólíni. Tinna átti líka fyrstu sigurmynd sumarmyndakeppninnar, af konu á lofti yfir fjallstoppi, svo það er gangur í henni.

Verðlaun fyrir **1. sætið** eru farseðlar fyrir tvo til Evrópu með flugfélaginu Wow Air. Þeir sem fengu **2. og 3. verðlaun** hljóta gjafakort með leikhúsmiðum fyrir tvo í Borgarleikhúsið. Dómnefndina skipuðu **Pjetur Sigurðsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, **Steinunn Stefánsdóttir** aðstoðarráttgjafi og **Sigríður Tómasdóttir** ritstjórnarfulltrúi.

Haustr útsala Fjallakofans

25. ágúst til 5. september

30-70% afsláttur

hefst í dag

opnum kl. 8 í öllum verslunum

Marmot

ARCTERYX

SCARPA

smartwool

PETZL

Black Diamond

SILVA

SEA TO SUMMIT

JETBOIL

TEVA

Við vinnum náið með leiðsögumönnum
m.a.



ARCTIC
ICELAND



FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

Opið í dag:

Kringlan 8-18

Reykjavíkurvegur 8-18

Laugavegur 8-20





MEÐ FJAÐRIRNAR AÐ VOPNI Helgi skiptir um fætur, eða fjaðrir, eftir því í hvaða grein hann er að keppa. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fjaðrirnar eru ekki kröftugri en alvöru fætur, en þá spurningu fær Helgi mjög reglulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólýsanlega gott að geta hlaupið

Í dag leggur **Helgi Sveinsson** af stað til London, þar sem hann keppir í þremur greinum á Ólympíumóti fatlaðra og stefnir á gullið í tveimur þeirra. Helgi hefur náð undraverðum árangri á stuttum tíma, en hann byrjaði aftur að hlaupa fyrir einu og hálfu ári, eftir að hafa misst annan fótinn í kjölfar krabbameins þegar hann var 19 ára. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hlustaði á sögu Helga.

Pað er ólýsanlega gott að geta hlaupið aftur. Þetta smáatriði, að finna vindinn í eyrunum, fékk mig næstum því til að tárast þegar ég fann fyrst fyrir því aftur," segir íþróttamaðurinn Helgi Sveinsson. Saga hans er einstök fyrir margar sakir, ekki síst þær að það eru ekki nema tæp tvö ár frá því að hann freistaði þess að hlaupa í fyrsta sinn eftir að hann missti fótinn í kjölfar krabbameins fyrir þrettán árum. Eldsnemma í morgun lagði hann svo af stað á sitt fyrsta Ólympíumót. Hann er einn af fjórum Íslendingum sem taka þátt í Ólympíuleikum fatlaðra, sem hefjast í London 29. ágúst og standa til 9. september.

Ánetjaldist hlaupunum

Helgi er að eigin sögn íþróttasaga. Hann æfði handbolta af kappi sem barn og unglíngur og lét sig dreyma um að verða atvinnumaður í greininni, auk þess að hafa áhuga á velflestum öðrum íþróttum. Eftir að hann missti fótinn lagði hann alla slíka drauma á hilluna og hélt það yrdi einungis fjarlæg minning að geta svitnað og tekið á því á hlaupum. „Það er svo ótrúlega þægileg tilfinning að taka á því. Þeir eru með tvo heilbrigða fætur, en nota þá ekki, þurfa að fara að gera eitthvað í sínum málum! Þeir eru að sóa alltof miklu," segir Helgi, áður en hann hefur söguna af því hvernig hann varð Ólympíuþróttamaður, eftir þrettán ára „hvíld“ eins og hann orðar það sjálfur: „Það var fyrir um það bil einu og hálfu ári að það var haldinn sérstakur dagur í Laugardalshöll fyrir krakka sem nota gervilími eða spelkur. Þar kynntist ég þjálfaranum mínum, Kára Jónssyni. Hann er íþróttakennari og hefur bæði þjálfað heilbrigða og fatlaða einstaklinga. Hann var búinn að vera að leita að manni sem gæti hlaupið

á fjöður og sá þarna eitthvað tækifæri í mér.“

Skemmst er frá því að segja að Helgi hefur verið á hlaupum síðan.

Stefnir á gullið

Á Ólympíuleikunum í London keppir Helgi í þremur greinum. Fyrst keppir hann í langstökki þann 29. ágúst klukkan 19.30. Næsta keppni er svo 7. september, en þá keppir hann bæði í 100 metra hlaupi og spjótkesti. Hann hefur raunhæfa möguleika á að komast á pall, bæði í langstökkinu og spjótkestinu, og setur markið jafnvel enn hærra. „Ég hef mjög skýr markmið og set mikla pressu á sjálfan mig. Á góðum degi gæti ég fengið gullið í þessum tveimur greinum. Eins og staðan er í dag er ég ekki alveg nógu góður í spretti til að geta skákað þeim bestu þar," segir hann og bætir við spöskur á svip: „Enn þá!“

Helgi var mjög efnilegur handboltamaður áður en hann veiktist og þaðan hefur hann líkast til kastkraftinn. Það var í upphitun fyrir hlaupaæfingu fyrir nokkrum mánuðum að hann ákvað að prófa að kasta spjótinu að gamni sínu. Á sömu æfingu náði hann ólympíulágmarkinu og keppti nokkrum vikum síðar á næsta Evrópumeistaramótinu í frjálsu íþróttum, þar sem hann kastaði spjótinu 46,52 metra og lenti í öðru sæti. Þar bætti hann sitt eigið met um heila ellefu metra.

Ljós í myrkrinu

Helgi var átján ára þegar hann greindist með beinkrabbamein. Við tók háskammtalyfjameðferð sem gekk ekki betur en svo að nauðsynlegt var að taka af honum fótinn, nokkrum sentimetrum fyrir ofan hné, í mars árið 1999. Hann eyddi næstu átta til níu mánuðum eftir það að mestu inni á spítala. Svona hafði Helgi, sem var lífsglaður ungur maður með háleita drauma um framtíðina,



STÓRBÆTTI EIGIÐ ÍSLANDESMET Helgi landaði öðru sætinu á Evrópumeistaramótinu í frjálsu íþróttum í sumar, þegar hann kastaði spjótinu 47,94 metra og bætti þar eigið Íslandsmet um hvorki meira né minna en ellefu metra. MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

ekki séð fyrir sér 20. aldursárið. Það var hins vegar ljós í myrkrinu. „Um leið og ég kláraði lyfjameðferð á 11-E var ég keyrður í gegnum ganginn undir spítalanum og upp á fæðingardeild. Þar var dóttir mín að koma í heiminn. Konan sem tók á móti henni hafði eiginlega meiri áhyggjur af mér heldur en móður og barni, enda var ég hundveikur. Þetta voru mjög sérstakar aðstæður, en það hjálpaði mér að komast í gegnum þetta að eignast dóttur í miðju ferlinu. Þá hafði ég allan tímann öðru mikilvægu verkefni að sinna.“

Andlegt flugslys

Helgi setti því undir sig hausinn og tók áfallinu með kreppta hnefana. Oft var honum boðin aðstoð til að takast á við áfallið, en hana þáði hann aldrei. „Ég sá það ekki fyrr en löngu seinna að ég hefði betur þegið aðstoð. Ég mæli ekki með því að takast á við áföll á þenn-

an hátt, þó það hafi styrkt mig og brynjað mig upp.“

Tilfinningunni sem síðar helltist yfir hann, þegar áfallið loks náði í skottið á honum, líkir Helgi við andlegt flugslys. „Hausinn á mér fór algjörlega á hvolf. Í kjölfarið lenti ég í slæmum félagsskap og fór út á röngu brautina, þar sem ég var í góðan tíma. En svo fékk ég sem betur fer nóg af því og fór í meðferð. Ég er búinn að vera edrú í sex ár í dag.“

Og hann er líka búinn að læra að þiggja aðstoð þegar hann þarf á henni að halda. „Ég hef alltaf farið þá leið að gera allt sjálfur og hef aldrei þegið neina aðstoð frá öðrum. Ég er hins vegar nýbúinn að uppgötva að það er allt í lagi að þiggja smá aðstoð. Það gerir alla hluti miklu auðveldari.“

Gæfuhjólin snúast á ný

Það var fyrir þremur árum sem hjól gæfunnar fóru aftur að snúast

fyrir Helga. Þá fékk hann vinnu hjá Össuri, þar sem hann vinnur í þróunardeild við að prófa gervifætur og aðrar vörur sem þar eru búnar til og gefa ábendingar um hvað er gott og hvað mætti betur fara í vörubrúuninni. Þá fer hann um heiminn og sýnir vöruna, en hann hefur ferðast mjög víða um Evrópu og Bandaríkin, auk Japans, Suður-Afríku og fleiri framandi landa, á vegum vinnunnar. „Eftir að ég fékk vinnu hér hefur leiðin legið upp á við. Hér fæ ég allt sem ég þarf og mér er sinnt ótrúlega vel. Hér er góður andi og hér hef ég eignast góða vini. Þetta er algjör draumur í dós.“

Helgi reynir að hitta alla þá sem koma í heimsókn til Össurar, sem eru nýbúin að missa eða við það að missa útlím. „Mér finnst mikilvægt að geta sýnt fólki hvernig það mun á endanum geta gengið," segir hann og hér verður að skjóta því inn að það þarf að rýna vel í göngulag Helga til að átta sig að því að hann hefur ekki tvo fætur undir sér af hefðbundnu tegundinni. „Það gefur mér mikið að geta hjálpað öðrum í þessum málum. Mig langar líka að kenna fólki að fara öðruvísi að en ég gerði. Mín leið var allt of erfið.“

Þegar margar dyr opnast

„Ég er bara rétt að byrja. Ég ætla mér að halda áfram að hlaupa alveg þangað til ég get það ekki lengur og stefni á að gera almennilega hluti á Ólympíuleikunum í Brasilíu," segir Helgi, spurður út í hvar hann sjái sig í framtíðinni. Þótt hann óski engum að lenda í sömu hremmingum og hann, vonast hann til þess að aðrir læri af hans dæmi hvernig ógæfan getur snúist manni í hag. „Ég átti aldrei von á að þessi reynsla ætti eftir að gefa mér svona mikið. En þegar einar dyr lokast opnast aðrar, það er bara þannig. Í mínu tilviki opnuðust margar, þannig að ég get ekki annað en verið sáttur við mitt hlutskipti í dag.“

Velkomin á landsleik í upplýsingatækni

Haustráðstefna atvinnulífsins

Haustráðstefna Advania verður haldin föstudaginn 7. september á Hilton-hótelinu í Reykjavík. Ráðstefnan er einstakt stefnumót upplýsingatækni og atvinnulífs með 3 lykilræðum og 40 gagnlegum fyrirlestrum um stefnur og strauma.

Newsweek, LSH og Fjarðaál

Lykilræður ráðstefnunnar verða þrjár.

Dan Lyons, tækniritstjóri Newsweek, fjallar um byltingu snjallsíma og samfélagsmiðla og áhrif hennar á atvinnulífið.

Björn Zoëga, forstjóra Landspítala-Háskólasjúkrahúss, segir frá nýja spítalanum í Vatnsmýrinni; þessu tækniundri sem verður að mörgu leyti hjarta þekkingariðnaðar í landinu.

Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaáls, greinir frá því hvernig álverið á Reyðarfirði beitir upplýsingatækni á markvissan hátt til að skapa þekkingarver í fremstu röð.

Áfram Ísland!

Ráðstefnan stendur yfir frá morgni til kvölds þegar blásið verður til veglegs lokahófs með landsþekktum listamönnum og skemmtikröftum. Að því loknu býður Advania ráðstefnugestum á **landsleik Íslands og Noregs** í undankeppni HM í fótbolta.

Ráðstefnugjald er 31.400 kr. og eru veitingar yfir daginn innifaldar.

Dagskrá og skráning

Kíktu á vefinn og skoðuðu dagskrána. Skráning er hafin á advania.is/haustradstefna

#haust2012

Fylgstu með og taktu þátt í umræðunni á Twitter



advania

Welcome to IT



DÚNDUR HELGAR TILBOÐ

VIÐHALDSDAGAR Í HÚSASMIÐJUNNI

20%
afsláttur
af allri málningu
frá Jotun
**AÐEINS UM
HELGINA!**



Emmevi blöndunartæki
13.995 kr.
Áður: 15.995 kr.
Vnr. 7900023



30 DAGA
SKILARETTUR
**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

Electrolux þvottavél
EWF126410W 1200 snúninga
85x60x60 6 kg. Vnr. 1805477
98.900 kr.



Flísar, mikið úrval
Verð frá:
990 kr/m²



Viðarparket,
harðparket, plastparket
Verð frá
895 kr/m²

Þakið!

Sérfræðingar Húsasmiðjunnar og
Límré/Vírnet kynna þakstál og þakefni
auk þess að veita þér faglega ráðgjöf
við val á efni, laugardag milli
kl. 11 - 16 í Húsasmiðjunni Grafarholti.



Grænt
poly bárujám
**1.930
kr./m**

LímréVírnet



Svart ál,
íslensk framleiðsla
**2.490
kr./m**



Þakstál
1.790 kr./m²
Áður: 1.915 kr.

DYNAMO REYKJAVÍK



Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

POTTAPLÖNTU ÚTSALA

HEFST Í DAG 20-50% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL Á ÚTSÖLUNNI;
ORKÍDEUR, ALPAFJÓLUR, BURKNAR, BEGÓNÍUR, FÍGUSAR,
FLÖSKULILJUR, KAKTUSAR OG PYKKBLÖÐUNGAR, BONSAI,
DREKATRÉ, SÓMAKÓLFAR OG MARGAR FLEIRI PLÖNTUR.



20-50%
AFSLÁTTUR!


SÍÐUSTU DAGAR
RÝMINGARSÖLUNNAR
Á TRJÁPLÖNTUM
OG RUNNUM
70% AFLSÁTTUR

blómaval

VÖFFLUKAFFI Í SKÚTUVOGI!


Vaffla með sultu og rjóma, kaffi
eða kakó á aðeins 290 kr.
Ís í formi á 99 kr.

Í dag laugardag kl. 12-17



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



ÁFANGASTAÐURINN FRAM UNÐAN Curiosity horfir í áttina að Sharp-fjalli, þar sem jeppinn verður við jarðfræðirannsóknir næstu tvö árin. Myndirnar sem NASA hefur borist frá Curiosity hafa vakið mikla hrífingu um heim allan. Hér að neðan má sjá nokkur sýnishorn.

MYNDR/NASA

Mars séður með augum Curiosity

Vísindamenn NASA eru nú að prufukeyra geimjeppann **Curiosity** og tækjabúnað hans á Mars. Í næstu viku verður farið í stuttan könnunarleiðangur, en svo tekur alvaran við þar sem Curiosity verður í tvö jarðarar við rannsóknir á setlögum við rætur Sharp-fjalls í Gale-gígnum. Markmiðið er að fá úr því skorið hvort einhvern tíma hafi verið lífvænleg skilyrði á plánetunni rauðu.

Nú er loks komið að því, Mars-jeppinn Curiosity, fullkomnasta rannsóknartæki sem sent hefur verið út í geim, er lagður af stað.

Eftir rúmlega tveggja vikna undirbúning á yfirborði plánetunnar rauðu, þar sem stýrikerfi hans var ræst að nýju og hin ýmsu tæki og tól voru prufukeyrð, ók Curiosity af stað á miðvikudaginn.

Stuttur prufurúntur

Um var að ræða stuttan spöl. Hann ók rúma fjóra metra áfram, tók svo 120 gráðu beygju og bakkaði um tvo og hálfan metra. Það var forsmekkurinn að því sem koma skal, en næsta skref áður en haldið verður í áttina að áfangastað, rótum Sharp-fjalls í Gale-gígnum, verður Curiosity ekið um 400 metra að stað sem kallast Glenelg. Þar telja vísindamenn NASA að finna megi þrenns konar jarðlög á sama stað, en sú ferð verður væntanlega farin um miðja næstu viku.

Lendingin heppnaðist vel

Fram að þessu hefur allt gengið að óskum. Lendingin, sem var áhættusamasti hluti ferðarinnar og gríðarflókin í framkvæmd, heppnaðist vel og hamskipti hugbúnaðar Curiosity gengu hikstalaust fyrir sig og búnadurinn virkar eins og til var ætlast.

Á síðustu dögum hafa NASA-menn meðal annars rétt úr tæplega tveggja metra löngum armi sem ber tuga kílóa þung rannsóknartæki, meðal annars bor og fleira til að safna jarðvegssýnum. Þá var milljón vatta leysigeisla skotið úr turni jeppans á stein (sem er nú kallaður Coronation) sem er í um það bil metra fjarlægð, en mælitæki Curiosity, svokölluð ChemCam, greina bergið af litrófi reyksins sem stígur af steininum af völdum geislans. Prufukeyrslan gekk vel. Allt virkaði eins og til stóð og reyndis Coronation úr basalti, eins og við var raunar búist.

Hið eina sem betur hefði mátt fara í ferlinu hingað til, er að annar tveggja vindmæla hefur líkast til laskast við lendingu en það ætti ekki að koma að sök við rannsóknirnar.

Var einhvern tíma líf á Mars?

Aðalverkefnið bíður þó enn því næstu vikur verða öll tæki og tól prófuð áður en lagt verður í hann. Curiosity mun verja næstu tveimur jarðararum í að greina setlög við rætur Sharp-fjalls. Gale Gígurinn er um 155 kílómetrar í þvermál og miðað við aldur gígsins og tilgátur um að vatn hafi eitt sinn runnið á Mars, er líklegt að þar hafi verið stöðuvatn í eina tíð.

Sharp teygir sig tæplega fimm kílómetra upp frá miðju gígsins og getur þar að líta margs konar setlög sem segja má að séu eins konar uppflertir yfir tímabil í jarðfræðisögu Mars.

Markmiðið er að fá úr því skorið hvort örverur gætu einhvern tíma hafa þrífist á Mars og bíða áhugamenn á jörðu, bæði lærðir og leikir, eftir niðurstöðum.



Horft til framtíðar

Velgengni Curiosity hefur blásið nýju lífi í geimferðaáætlanir NASA eftir nokkur misseri þar sem fjárframlög til stofnunarinnar hafa verið skorin hressilega niður. Í vikunni voru meðal annars kynnt áform um að senda aðra rannsóknarstöð, InSight, til Mars árið 2016. Það tæki mun ekki vera á hjólum, heldur verður það kyrrt á sama stað í um tvö ár þar sem það mun meðal annars fylgjast með skjálftavirkni og skorpuhreyfingum á Mars.

Í millitíðinni verður könnunarfarið Maven sent til Mars. Því verður skotið á loft í lok næsta árs og kemst á braut um Mars árið 2014 og mun rannsaka lofthjúp reikistjörnnar.

Framhaldið er enn á huldu en veltur á fjárframlögum til NASA. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur skorað á NASA að stefna að því að senda mannað geimfar til Mars á fjórða áratug þessarar aldar og talsmenn stofnunarinnar hafa lýst því yfir að undirbúningur verði í samstarfi við geimferðastofnanir annarra ríkja.

Heimildir: NASA.gov og Stjörnufræðivefurinn, www.stjornufrædi.is



Geimferðalangurinn

1. Hér má sjá líkan sem sýnir stærð Curiosity
2. Lendingarstaður Curiosity í Gale-gígnum sést á þessari mynd. Áfangastaðurinn er við rætur Sharp-fjalls í um sjö kílómetra fjarlægð.
3. Curiosity ók af stað í vikunni og hér má sjá hjólförin í sandinum á yfirborði Mars.
4. Hvert sem litið er blasir auðnir við.
5. Tækjaarmur jeppans nær um tvo metra og er meðal annars útbúinn bor og öðrum tækjum til sýnaöflunar.

MYNDR/NASA

Opportunity Í FULLU FJÖRI EFTIR ÁTTA ÁR


Curiosity er sjöunda tækið sem NASA kemur á Mars. Marslendingar Rússa (áður Sovétmanna) og Breta hafa mistekist á mismunandi stigum verkefnanna.

Opportunity-jeppinn, sem lenti ásamt tvíbura sínum Spirit fyrir átta og hálfu ári, er enn í fullu fjöri í um þúsund kílómetra fjarlægð frá Curiosity. Spirit gaf upp öndina fyrir rúmum tveimur árum. Mikill munur er á Curiosity og hinum lífseiga forvera. Opportunity er mun minni og hefur ekki nema brot af getu Curiosity. Þá gengur hinn fyrrnefndi fyrir sólarorku sem takmarkar vinnutíma hans nokkuð, í samanburði við Curiosity, sem er kjarnaknúinn.



Beint í mark – EÐA SVO GOTT SEM

Curiosity lenti á Mars eftir 567 milljón kílómetra ferðalag. Mars Reconnaissance orbiter-farið sem er á braut um Mars, tók myndina hér fyrir neðan af lendingarhylli Curiosity á hraðleið að yfirborðinu í fallhlíf. Þegar nær dró var ekki hægt að nota loftþúða til að taka af höggjð við lendingu eins og við fyrri verkefni. Þess í stað var notað eldflaugaknúið loftfar með krana sem slakaði Curiosity niður á yfirborðið, sveif svo í burtu og brotlenti í öruggri fjarlægð. Eftir allt þetta skeiðaði aðeins um tvo kílómetra frá áætluðum landingarstað.



Molar UM MARS


Langlíf hjátrú er við lýði hjá NASA. Þegar tæki eru við það að lenda á öðrum hnöttum, til dæmis tunglinu eða Mars, býður verkefnisstjóri öllum í stjórnstöðinni upp á jarðhnetur. Þetta er rakið aftur til ársins 1964 þegar Ranger 7 lenti á tunglinu eftir sex misheppnaðar tilraunir NASA. Við það tækifæri var boðið upp á hnetur og hefur sá síður haldist til dagsins í dag.

Þótt Curiosity sé um 900 kílógrömm að þyngd á jörðinni er hann mun léttari á yfirborði Mars, þar sem þyngdarkraftar eru veikari. Þar vegur jeppinn „einungis“ tæp 350 kíló.

Sterk, húmorísk og full af þrá

„... GRÍPANDI SAGA UM KONU
SEM ÞARF AÐ KOMAST YFIR
TILFINNINGAHÖMLUR SÍNAR
OG ÞORA AÐ LIFA, ELSKA
OG SAKNA.“

Jyllands-Posten



Ný skáldsaga eftir Anne B. Ragde sem er vinsæl víða um lönd fyrir Neshovþríleik sinn og *Arseniktturninn*.

Í *Næturóskinni* skrifar hún um rótlausa nútímakonu sem er alveg viss um að lífið sem hún lifir geti ekki orðið betra – en er það rétt?

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Stanslaust á shuffle-stillingu

Anna Gunnús Guðmundsdóttir fór á kostum í síðasta Áramótaskaupi og leikur nú aðalhlutverkið í Frost, nýrri spennmynd eftir Reyni Lyngdal sem verður frumsýnd 7. september. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við leikkonuna sem gerir allt fyrir listina.

Maður fyllist bara svo mikilli andagift við það að sjá leik-sýningar og sérstaklega við að kynnast öðruvísi flóru en maður er vanur hér heima. Við fórum til dæmis á ljóðalestur, sem var mjög skemmtilegt. Það eru svo margar háklassa-sýningar á þessari háttíð að oft kostar hönd og fót að komast inn á þær, en ljóðalesarinn bauð okkur frítt því hann vantaði bara áhorfendur," segir hin 29 ára gamla leikkona Anna Gunnús Guðmundsdóttir. Hún er nýkomin heim frá Edinborg þar sem hún sótti hinar vinsælu leikhúshátíðir Fringe Festival og International Festival ásamt kærasta sínum Einari Aðalsteinssyni sem einnig er leikari. Þaríð kynntist á bak við tjöldin þegar það lék saman í Svörtu kóm-edfunni hjá Leikfélagi Akureyrar síðastliðið haust, en Anna Gunnús og Einar eru bæði fastráðin hjá LA í vetur.

„Í Edinborg sáum við alls 24 sýningar á átta dögum, sem er dálítið mikið. Líklega voru þrjár eða fjórar þeirra virkilega góðar en við löbbum út af nokkrum þeirra. Maður lætur ekki bjóða sér hvað sem er," bætir leikkonan við, en hún og kærastinn eru sérlega mikið áhugafólk um ný leikhúsvörk eftir unga höfundu. Saman hafa þau stofnað leikfélagið Kusk Theater sem er ætlað að gera slíkum verkum hátt undir höfði og er stefnan sett á að verða með leiklestra á vegum leikfélagsins á komandi vetri. „Leikfélagið er nefnt í höfuðið á kettinum okkar, Filippusi Lóritín Sigrúnu Kusk, sem við köllum alltaf Kusk. Lóritín-nafnið kemur til vegna þess að Einar er með ofnæmi fyrir kettinum og þarf stundum að taka lóritín við því," útskýrir Anna Gunnús og hlær.

Áður en leikárið hefst fyrir norðan, en leikkonan á rætur sínar að rekja þangað, stendur fyrir dyrum frumsýning á spennmyndinni Frost eftir Reyni Lyngdal. Í henni leikur Anna Gunnús aðalhlutverkið. Frumsýningin verður 7. september. Þetta er fyrsta kvikmynd Önnu Gunnúsar og segist hún að vonum spennnt. „Ég hlakka alveg sjúklega til og er alls ekki stressuð, nema þá helst út af frumsýningarkjólum sem er enn ekki tilbúinn. Vinkona mín, kjólaflæðskerinn Helena Björg Hallgrímsdóttir, heimaði nánast að fá að sauma á mig kjólinn og ég hugsa að ég láti það eftir henni.“

Gaman að kyssa Björn Thors

Jón Atli Jónasson er handritshöfundur téðrar spennmyndar Reynis Lyngdal, Frost, sem gerist uppi á jökli. Anna Gunnús leikur Öglu sem er í sínum síðasta jöklaleiðangri, ásamt hópi fólks, áður en hún heldur utan í mastersnám í jöklafræði. Aðrir leikarar eru meðal annars Valur Freyr Einarsson, Helgi Björnsson, Hilmar Jónsson, Hallur Ingólfsson og Björn Thors sem leikur kvikmyndagerðarmanninn Gunnar, kærasta Öglu.

„Það var gaman að fá að kyssa Björn Thors," segir Anna Gunnús og skellir upp úr, en bætir við að hún og leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir, eiginkona Björns, séu perluvinkonur og því hafi enginn núningur átt sér stað. „Kærasti Öglu kemur upp á jökul til að hitta hana og taka upp myndefni, en þá fara undarlegir hlutir að gerast. Ég má ekki segja meira um söguþráðinn, en reyndar hef ég sjálf ekki einu sinni séð myndina enn í heild sinni, bara í brotum. En þessir bútar líta verulega spennandi út. Myndin fjallar mikið til um það hvað leynist undir jöklunum. Í rauninni er fremur lítið vitað um það, þeir eru mörg þúsund ára gamlir og hafa tiltölulega lítið verið rannsakaðir. Flest erum við hrædd við það sem við þekkjum ekki.“

Lenti í undarlegu slysi

Í undirbúningi sínum fyrir hlutverk jöklafræðingsins Öglu leitaði Anna Gunnús meðal annars til þeirra Helga Björnssonar jarðvísindamanns og Finns Pálssonar verkfræðings, „jöklakempanna“ eins og Anna Gunnús orðar það, og fræddist um ýmislegt er varðar slíka könnunarleiðangra. „Það var dásamlegt að hitta þá," rifjar leikkonan upp. „Helgi var meðal þeirra fyrstu sem rannsökuðu jöklana hér á Íslandi og hann sagði mér frá tengingunni sem myndast milli manns og jökuls. Honum líður vel uppi á jökli en vill þó meina að það sé alls ekki allra að vera dögum saman í þögninni einni og jafnvel brjáluðu vedri, dauðþreyttur að vinna.“

Hópurinn að baki Frosti fór heldur ekki varhluta af veðurguðunum meðan á tökum stóð. Til að mynda var fólk bannað að fara á klósettið nema nokkrir færu saman og með línu strengda milli sín og einn tókudaginn gekk gríðarlegur stormur yfir svæðið og var hópurinn sex klukkustundir að fíkra sig niður heimleiðina sem tekur einungis korter í skaplegu vedri.

Vedrinu var þó ekki um að kenna þegar Anna Gunnús braut í sér framtennurnar við tókur, heldur skallaði hún óvart klósettsetu með fyrrgreindum afleiðingum. „Þetta hljómar mjög illa og auðvitað gera flestir ráð fyrir að ég hafi verið dauðadrukkin en ekki að leika í bíómynd þegar ég skallaði klósettið," segir hún og glottir. „En ég er líka alltaf að slasa mig í leiklistinni. Slysin gerast og ég lifi þetta af. Ég er mest feginn að ég hjó ekki í sundur á mér varirnar eða fékk ævarandi ör í andlituð.“



FROST Við undirbúning hlutverksins í Frost fræddist Anna Gunnús meðal annars um jökla hjá vísindamönnum í Háskólanum. „Ég horfði líka oft á Alien-myndirnar til að fá innblástur. Ripley, sem Sigourney Weaver leikur, er svo magnaður karakter," segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þetta hljómar mjög illa og auðvitað gera flestir ráð fyrir að ég hafi verið dauðadrukkin en ekki að leika í bíómynd þegar ég skallaði klósettið.

Tilviljanakenndar ákvarðanir

Anna Gunnús flutti á mölina að loknu menntaskólanámi og valsaði milli deilda í Háskólanum um hríð. Bókmenntafræðin varð meðal annars fyrir valinu því í henni blundaði draumur um að læra til leikstjóra og gerir raunar enn. „Það er hörgull á kvenkyns leikstjórum, bæði í leikhúsi og bíó. Ég veit ekki hvers vegna það er, en ég hef trú á því að þetta sé að breytast. Þegar ég komst inn í leiklistarnámið í Listaháskólanum var ég á leiðinni til Ástralíu í skiptinám og fannst dálítið erfitt að þurfa að plana lífið mitt fjögur ár fram í tímann. Ég á það til að taka tilviljanakenndar ákvarðanir og kærastinn minn segir stundum að hagi mér eins og ég sé stanslaust á shuffle-stillingu því það kemur bara eitthvað! Það finnst mér mjög góð líking.“


Sem dæmi um þetta má nefna að strax eftir útskrift úr Listaháskólanum árið 2010 ákvað Anna Gunnús að hafna hlutverki í gamanþáttaröðinni Hæ Gosi og fluttist þess í stað til Spánar þar sem hún vann fyrir sér sem framkvæmdastjóri í brimbrettabúðum (Surf Camp), án þess að hafa nokkuð stundað þá íþrótt áður að ráði. „Svo bjó ég í Þýskalandi þar sem ég vann með tilraunaleiklistarhópnum Signa að uppsetningum verka. Með þeim hópi flutti ég líka til Salzburg í Austurríki og það getur vel verið að ég vinni frekar með Signa í framtíðinni. Það er svo margt í boði í þessum stóra heimi og ég hef engar áhyggjur af framtíðinni.“

Draumahlutverk í Skaupinu

Það fyrsta sem þorri almennings sá til Önnu Gunnúsar var í síðasta Áramótaskaupi þar sem leikkonan þótti fara á kostum í hlutverki Hildar Lífur Hreinsdóttur, með aflitað hár og sokkabuxur inni í brjóstahaldaranum til að fanga betur ásjónu fyrir-sætunnar. „Þetta var auðvitað besta hlutverkið í skaupinu og vakti sjúklega athygli, sem ég bjóst samt ekkert endilega við," rifjar Anna Gunnús upp. „Ég var svo heppin að vera með aflitað hár eftir hlutverk í sýningu í Salzburg, en það geri ég aldrei aftur því það fer svo illa með hárið. Ég þurfti að klippa það af mér eftir á, en hvað gerir maður ekki fyrir listina?“

Svo vel tókst Rögnu Fossberg til með gervi Önnu Gunnúsar að móðir hennar þekkti dóttur sína ekki fyrir framan sjónvarpið á gamlárskvöld. „Mamma sagði „þetta gæti nú bara verið þú!“ og var steinhissa þegar ég sagði henni að hún ætti kollgátuna. Það sama var uppi á teningnum með flesta aðra og ég var lítið spurð um hlutverkið því það þekkti mig enginn.“

Aðspurð segst Anna Gunnús enn ekki vita hvort hún verði fengin til að leika í næsta skaupi, en hún sé afar áhugasöm um að fara með hlutverk ákveðinnar persónu sem næsta örugglega muni bregða fyrir. „Ég vil ekki gefa upp hver manneskjan er, en hún er mjög áberandi og kemur víða við í samfélaginu," segir leikkonan spök að lokum.



frábært verð á **DELL** skólatölvum

Nú er Dell komið í Hátækni!

Nú hefur Hátækni hafið sölu á hágæðatölvunum frá Dell. Byrjaðu í Hátækni, veldu tölvu sem hentar markmiðum þínum og taktu Dell með þér út í lífið.

Þú ræður ferðinni með Dell.

VAXTALAUST LÁN*

15.865 kr. á mán.
í 12 mánuði

VAXTALAUST LÁN*

15.865 kr. á mán.
í 12 mánuði

VAXTALAUST LÁN*

11.552 kr. á mán.
í 12 mánuði

**Dell Inspiron 14z
Ultrabook 14"**

Nett og létt 14" HD WLED Ultrabook með geisladrifi. Öflugur Intel i3 örgjörvi, 4GB í vinnsluminni og 128GB SSD geymslumiðli sem hentar vel fyrir þá sem eru mikið á ferðinni. Búin MaxxAudio3 hljóðkerfi, frábærri rafhlöðuendingu og vegur 1,87kg.

179.995 kr.

Dell Inspiron 15 (N5050) 15"

Áreiðanleg og góð fartölva í skólann eða á heimilið. Búin 2,4GHz Intel i3 örgjörva, 4GB í vinnsluminni og 500GB hörðum disk. 15,6" HD WLED skjár og innbyggður minnskortalesari.

129.995 kr.

Dell Inspiron 15R (5520) 15"

